

UMFÍ

ÁRSSKÝRSLA 2025

54. SAMBANDSPING UMFÍ
ÁRSREIKNINGUR 2024





EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
SAMBANDSAÐILAR UMFÍ	6
STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR	8

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHÉRAÐA

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHÉRAÐA	12
HVATASJÓÐUR	16

SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM	20
SUMARBÚÐIR	22

MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ	26
LANDSMÓT UMFÍ 50+	30
DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR	32

FRÆÐSLA OG FORVARNIR

SAMSTARFSVERKEFNI	36
UNGMENNARÁÐ UMFÍ	41
VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF	44
ALÞJÓÐLEG SAMVINNA	46

MIÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍSÍ OG UMFÍ	50
ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF	52
MÁLSVARI HREYFINGARINNAR	55
MIÐLÆG ÞJÓNUSTA	57
FUNDIR OG SAMSKIPTI	59
SAMSTARFSADILAR	62

REKSTUR

ÍSLENSK GETSPÁ OG GETRAUNIR - BURÐARÁSAR Í FJÁRMÖGNUN ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS	68
LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA	70
STUÐNINGUR STJÓRNVALDA	72
SJÓÐIR	74
ÞRASTASKÓGUR	76

MANNAUÐUR

STARFSFÓLK	80
STJÓRN OG NEFNDIR 2023-2025	82
VIÐURKENNINGAR	84
VERÐLAUN	86

ÁRSREIKNINGUR 2024

Áritun óháðs endurskoðanda	90
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	92
Rekstrarreikningur ársins 2024	94
Yfirlit um rekstur 2024	95
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	96
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024	98
Skýringar	99
ÁRSYFIRLIT SVÆÐISSTÖÐVA ÍPRÓTTAHÉRAÐA 2024	108
Rekstrarreikningur	108
Efnahagsreikningur	109

LÖG UMFÍ

LÖG UMFÍ	112
----------------	-----

ÁVARP FORMANNS

Síðustu tvö ár sem liðið hafa frá síðasta sambandsþingi hafa verið ótrúlega gefandi. Við upplifum einstaka tíma í íþrótt- og æskulýðshreyfingunni þar sem sá jarðvegur sem við höfum í sameiningu lengi verið að yrkja er farinn að gefa enn meira af sér. Nýjasti hluti uppskerunnar að þessu sinni er fyrsta þingið þar sem öll íþróttahéruð landsins, þar með öll íþróttafélög á Íslandi, eru innan UMFÍ.

Þetta eru miklar breytingar, sem grundvallast á fjölmörgum skrefum sem stigin hafa verið á mörgum árum, markvissum skrefum sem byggð eru á samræðum og samvinnu. Jarðvegurinn hefur sýnt að hann er frjór en við þurfum enn að sá fræjum og hlúa að starfinu í sameiningu því þá munum við uppskera enn ríkulegar - ef rétt er að staðið.

NÝTUM KRAFTINN Í HREYFINGUNNI

Hreyfingin hefur lengi verið á vegferð sem leitt hefur ferðalanga gegnum ýmsar hindranir og að fjölmörgum krossgötum. Í góðra vina hópi hefur þetta verið frábært ferðalag. Ekki bara í sögu UMFÍ – heldur í sögu íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar á Íslandi. Á þessari stundu má alveg fullyrða að UMFÍ standi nú enn betur undir kjörorði samtakanna sem lagt var upp með fyrir meira en hundrað árum: Íslandi allt!

Þegar við stöndum saman getum við virkjað ógnarkrafta. Það höfum við margoft sýnt. Við erum gríðarlega kröftug saman, í raun óstöðvandi. Saman höfum við kraftinn til að hreyfa við okkur, öðrum og samfélaginu öllu.

UMFÍ OG ÍÞRÓTTAHREYFINGIN SEM HREYFIAFL

Síðasta ár hefur aukinn kraftur verið að leysast úr læðingi. Starf svæðisstöðva íþróttahéraðanna er að brjótast fram og koma betur í ljós um allt land. Sú vinna hefur opnað augu fleira fólks á því sem við stöndum fyrir og opnað dyr fyrir samstarfi þvert á héruð. Það er starfinu til heilla.

Árangur á svæðisstöðvunum hefur í byrjun að vissu leyti verið dulinn en margt eftirtektarvert er farið að líta dagsins ljós. Það mun skila sér í skilvirkari samvinnu og öflugra íþróttastarfi hér á landi í framtíðinni ef við ræktum garðinn vel og hlúum saman að þessum nýja sprota.

Með hinu nýja afbrigði stigum við út fyrir þæginda-rammann. Við höfum tekið erfiðar ákvarðanir og lagt grunn að framtíð sem byggir á samvinnu, trausti og eldmóði. Við höfum kallað eftir umræðu um verkefnið og hlustað á ábendingar, heyrt gagnrýnisraddir og reynt að bregðast við því sem betur má fara. Það er hluti af því að feta nýja leið og búa í lýðræðissamfélagi.

Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna hafa nú þegar skapað nýjan takt í starfinu; takt sem hvetur til samtals, samveru, þátttöku og nýrra tengsla. Þetta er ekki tilviljun heldur hluti af þeirri hugmynd sem farið var af stað með. Þetta er afrakstur þrautseigju og er í samræmi við þau gildi og áherslur sem ungmennafélagshreyfingin stendur fyrir.

Frá síðasta sambandsþingi UMFÍ hafa farið fram mót, viðburðir og nokkrar ráðstefnur, bæði á vegum UMFÍ og í samstarfi við aðra. Viðburðirnir og ráðstefnurnar eiga það sameiginlegt að þar verða til ný tækifæri, ný tengsl og fleiri möguleikar til að bæta starfið. Við höfum tekið þátt í áhersluverkefnum eins og „Allir með – farsælt samfélag fyrir alla“, þar sem við höldum áfram að leita leiða til að fjölga þeim sem þátt taka í starfinu. Verkefnið hefur vaxið og dafnað frá því það fór af stað fyrir tveimur árum og hefur dreifst víða um land. Þá mætti nefna fjölmarga aðra viðburði auk samstarfs við ÍSÍ: ráðstefnu um Konur og íþróttir og ráðstefnu í tengslum við Reykjavíkurléika Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Drulluhlaupið eru viðburðir sem sameina fólk, einstaklinga og fjölskyldur sem hafa gaman af því að taka þátt í félagsstarfi og íþróttum og njóta lífsins með öðrum. Fátt gefur meira en að sjá gleðina í augum þátttakenda og bros á vörum þeirra. Þá var frábært að sjá hversu margir sem tóku þátt í mótunum í sumar voru að mæta í fyrsta skipti og prófuðu alls konar greinar.

Snemma í september fór fram ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa. Þar kom skýrt í ljós að eftirspurn er eftir vettvangi fyrir ungt fólk sem vill gefa af sér og taka þátt í félagsstarfi. Ráðstefnan hefur vaxið og dafnað í gegnum árin sem er afsprengi alúðar og natni þeirra sem að henni koma. Af viðbrögðum þátttakenda er ljóst að ráðstefnan á sérstakan stað í hjörtum ungs fólks. Það vill koma og taka þátt því starfið er skemmtilegt og gefandi.

UMFÍ á að búa til tækifæri og vettvang fyrir ungt fólk og gefa því kost á að blómstra á sínum forsendum. Það höfum við gert. Við höfum byggt brýr milli landsamtaka, héraða, íþróttafélaga, sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Við höfum virkjað félagslegu töfrana sem einkenna skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf – starf sem á að tengja, styrkja og vernda þau sem að því koma.

Við erum orðin að því sem við stefndum að fyrir meira en öld: Að verða öflug landssamtök sem ná yfir allt landið. Nú setjum við allar vélar í gang og á fulla ferð áfram. Fram undan er áframhaldandi vegferð með alla um borð. Það kallar á að við stillum miðið að nýju með samtali og samvinnu. Við þurfum að vinna að nýrri stefnumótun og vera óhrædd við að taka samtalið um það hvað virkar og hverju þarf að breyta. Höfum þor til að takast á við áskoranir og hugrekki til að nýta tækifærin – það er og verður samfélaginu til góða.

Með ungmennafélagskveðju,

Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ.



SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 26 talsins sem skiptast í 25 íþróttahéruð og eitt ungmennafélag með beina aðild.

Á 52. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Húsavík árið 2021, var stjórn veitt heimild til að samþykkja aðild íþróttahéraða á milli þinga. Í maí 2025 urðu tímamót í sögu UMFÍ þegar umsókn Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) um aðild að UMFÍ var samþykkt. Með því lauk vegferð sem hafði staðið í meira en aldarfjórðung.

Nú eru öll íþróttafélög landsins orðin aðildarfélög UMFÍ í gegnum íþróttahéruð – það er héraðssambönd, íþróttabandalög og ungmennasambönd um allt land.

Við þetta tilefni sagði Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ: „Þetta eru miklar framfarir fyrir stjórnskipulag íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Með þessari samþykkt verða væntingar um aukið samstarf og meiri slagkraft að veruleika. Hreyfingin er nú kröftugri en nokkru sinni fyrr – allt fólk innan íþróttahreyfingarinnar er orðið með.“

ÁRALANGT FERLI

Sex ár eru síðan aðildarumsóknir þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ voru samþykktar. Það gerðist á sambandsþingi UMFÍ árið 2019 þegar Íþróttabandalag Akraness (ÍA), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) urðu sambandsaðilar UMFÍ. Í kjölfarið bættust við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH), Íþróttabandalag Suðurnesja (ÍS) og Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB). Við aðild bandalaganna var úthlutun lottóreglna breytt í jafnræðisskyni.

Með aðild ÍBV að UMFÍ eru öll 25 íþróttahéruð landsins orðin sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélögin tæplega 500 talsins um allt land.

Á blaðsíðu 51 má sjá yfirlit yfir sambandsaðila, iðkendur, iðkanir og félaga.



**HÉRAÐSSAMBAND
BOLUNGARVÍKUR**
HSB



**HÉRAÐSSAMBAND
SNÆFELLSNESS- OG
HNAPPADALSSÝSLU**
HSH



**HÉRAÐSSAMBAND
STRANDAMANNA**
HSS



**HÉRAÐSSAMBAND
VESTFIRÐINGA**
HSV



**HÉRAÐSSAMBAND
ÞINGEYINGA**
HSP



**HÉRAÐSSAMBANDIÐ
HRAFNA-FLÓKI**
HHF



**HÉRAÐSSAMBANDIÐ
SKARPHÉÐINN**
HSK



**ÍÞRÓTTABANDALAG
AKRANESS**
ÍA



**ÍÞRÓTTABANDALAG
AKUREYRAR**
ÍBA



**ÍÞRÓTTABANDALAG
HAFNARFJARÐAR**
ÍBH



**ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJANESBÆJAR**
ÍRB



**ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR**
ÍBR



**ÍÞRÓTTABANDALAG
SUÐURNESJA**
ÍS



**ÍÞRÓTTABANDALAG
VESTMANNAEYJA**
ÍBV



**UNGMENNA- OG
ÍÞRÓTTASAMBAND
AUSTURLANDS**
UÍA



**UNGMENNA- OG
ÍÞRÓTTASAMBAND
FJALLABYGGÐAR**
UÍF



**UNGMENNASAMBAND
AUSTUR-HÚNVETNINGA**
USAH



**UNGMENNASAMBAND
BORGARFJARÐAR**
UMSB



**UNGMENNASAMBAND
DALAMANNA OG
N-BREIÐFIRÐINGA**
UDN



**UNGMENNASAMBAND
EYJAFJARÐAR**
UMSE



**UNGMENNASAMBAND
KJALARNESPINGS**
UMSK



**UNGMENNASAMBAND
SKAGAFJARÐAR**
UMSS



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-HÚNVETNINGA**
USVH



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU**
USVS



**UNGMENNASAMBANDIÐ
ÚLFLJÓTUR**
USÚ



**UNGMENNAFÉLAGIÐ
VESTURHLÍÐ**
V

STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina *Horft til framtíðar*. Stefnunni fylgdi starfsáætlun til ársins 2024. Á sambandsráðsfundi UMFÍ 2024 var samþykkt að framlengja stefnuna út starfstíma núverandi stjórnar.



STEFNUHÚS

Stefnuhús UMFÍ sýnir á myndrænan hátt hlutverk, gildi, framtíðarsýn og stefnuþættina sem stefna UMFÍ hvílir á. Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi.

SKIPURIT

Starfsemi þjónustumiðstöðva UMFÍ tekur mið af því skipuriti sem tók gildi í janúar 2023. Markmið þess er að skýra betur en áður ábyrgð og hlutverk starfsfólks UMFÍ.

VINNULAG STJÓRNAR OG NEFNDA

Starf stjórnar UMFÍ tekur mið af samþykktri starfsáætlun. Stjórn skipar í nefndir og eru í dag þrettán nefndir að störfum hjá UMFÍ. Til viðbótar hafa verið tilnefndir starfshópar um sértæk málafni. Hver nefnd er skipuð fulltrúum úr stjórn UMFÍ. Einstaklingar frá sambandsaðilum eru jafnframt í hverri nefnd. Fulltrúar UMFÍ sitja í nefndum, vinnuhópum og stjórnnum hjá bæði tengdum aðilum og stjórnvöldum.

Hver nefnd UMFÍ fær erindisbréf sem lýsir verkefni nefndarinnar, ábyrgðarsviði og tengingu viðkomandi nefndar við stefnu UMFÍ. Einnig eru tímasett viðmið í erindisbréfinu sem tengjast aðgerðaráætlun ársins.


Á fundum stjórnar UMFÍ er farið yfir stöðu nefndarstarfs, tímaviðmiðin og stöðu verkefna.



139 af 150

aðgerðum lokið

NEFNDIR UMFÍ: AÐGERÐIR OG STAÐA MÁLA



Mótanefndir landsmóta UMFÍ og Ungmennaráð UMFÍ eru með tímasett viðmið tengd aðgerðaráætlun ársins.





SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPROTTAHERAÐA

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍÞRÓTTAHÉRAÐA

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 voru samþykktar tillögur um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með því að koma á fót svæðisstöðvum íþróttahéraða. Landinu er skipt í 8 svæði og á hverju þeirra eru 2 - 4 íþróttahéruð. Tveir starfsmenn eru á hverri svæðisstöð.

TILGANGUR

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta með samræmdum hætti íþróttahéruðin í nærumhverfi hvers þeirra. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar í heild og geri hverju íþróttahéraði kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðli með þeim hætti að farsæld barna og allra þeirra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar.

Í samningi ÍSÍ og UMFÍ við stjórnvöld segir að verkefninu sé ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins og við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og stefnu ríkisins í íþróttamálum. Þá eru einnig sérstakar áherslur á verkefni sem ætlað er að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir í íþróttum, börnum og ungmennum með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn og ná betur til yngri iðkenda af tekjulægri heimilum.

Í samningnum kemur einnig fram að afstaða stjórnvalda til fjármögnunar verkefnisins skuli liggja fyrir í ágúst 2025. ÍSÍ og UMFÍ hafa sent formlegt erindi til ráðuneytisins varðandi áframhaldandi fjármögnun. Svar við erindinu hefur ekki borist.

STARFSFÓLK

Hanna Carla Jóhannsdóttir er verkefnastjóri fyrir svæðisstöðvar íþróttahéraða, með starfsstöð á Engjavegi í Reykjavík.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Svæðisstöðin þjónustar ÍBH, ÍBR og UMSK. Íris Svavarsdóttir og Sveinn Sampsted hófu störf sem svæðisfulltrúar sumarið 2024. Sveinn hefur verið í veikindaleyfi frá því síðla árs 2024 og Íris lét af störfum um áramótin. Hansína Þóra Gunnarsdóttir færðist þá til í starfi frá Norðurlandi eystra yfir til höfuðborgarsvæðisins. Björg Ásta Þórðardóttir kom tímabundið til starfa á svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins fyrstu mánuðum ársins 2025. Patrekur Jóhannesson var ráðinn inn í svæðisstöðina vorið 2025 en ákvað síðar að þiggja ekki starfið. Svæðisstöðin hefur síðan þá ekki verið fullmönnuð.

SUÐURNES

Svæðisstöðin þjónustar ÍRB og ÍS. Petra Ruth Rúnarsdóttir og Sigurður Friðrik Gunnarsson hófu bæði störf sumarið 2024. Þau eru bæði staðsett á Skógarbraut 945 á Ásbrú.

VESTURLAND

Svæðisstöðin þjónustar HSH, ÍA, UDN og UMSB. Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson hófu störf þar sumarið 2024. Heiðar Mar tók við starfi framkvæmdastjóra ÍA sumarið 2025. Gunnhildur Gunnarsdóttir var ráðin í hans stað. Álfheiður er með aðstöðu á Hvanneyri og Gunnhildur í Stykkishólmi.

VESTFIRÐIR

Svæðisstöðin þjónustar HHF, HSB, HSS og HSV. Birna Hannesdóttir og Guðbjörg Ebba Högnadóttir hófu störf þar sumarið 2024. Guðbjörg Ebba hætti störfum sumarið 2025. Helgi Dan Stefánsson var ráðinn í hennar stað. Eftir nokkra daga í starfi á svæðisstöðinni bauðst honum annað starf og tók hann því. Páll Janus Þórðarson var ráðinn í hans stað og hóf störf í ágúst 2025. Þau Birna og Páll Janus eru staðsett hvor í sínum skrifstofukjarnanum, Birna á Patreksfirði og Páll Janus á Ísafirði.

NORÐURLAND VESTRA

Svæðisstöðin þjónustar UMSS, USAH og USVH. Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir starfa á svæðinu og deila húsnæði með UMFÍ og UMSS á Sauðárkróki.

NORÐURLAND EYSTRA

Svæðisstöðin þjónustar HSP, ÍBA, UÍF og UMSE. Þóra Pétursdóttir og Hansína Þóra Gunnarsdóttir hófu þar störf sumarið 2024 en Hansína fluttist síðar yfir á höfuðborgarsvæðið. Kristján Sturluson kom til starfa í hennar stað á Norðurlandi eystra vorið 2025. Kristján og Þóra eru staðsett hjá landshluta-samtökum á Norðurlandi eystra.

AUSTURLAND

Svæðisstöðin þjónustar UÍA og USÚ. Erla Gunnlaugsdóttir er staðsett hjá UÍA á Egilsstöðum og Jóhanna Íris Ingólfssdóttir er í skrifstofukjarna á Höfn í Hornafirði.

SUÐURLAND

Svæðisstöðin þjónustar HSK, ÍBV og USVS. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir hófu þar báðar störf sumarið 2024. Þær eru báðar staðsettar hjá HSK.



FYRSTA STARFSÁRIÐ

Ráðningar starfsfólks svæðisstöðva íþrótta-
héraðanna hafa verið fyrirferðarmiklar á fyrsta
starfsári þeirra. Svæðisstöðvarnar hafa almennt
farið vel af stað og endurspeгла mismunandi
áherslur sem íþróttahéruðin standa frammi fyrir á
hverjum stað.

Þær hafa jafnframt fært ÍSÍ og UMFÍ dýrmæta
innsýn í íþróttastarfið um land allt, bæði tækifæri
og áskoranir. Landssvæðin eru jafn ólík og þau eru
mörg og því var mikilvægt að afla frekari upp-
lýsinga um starfsemina.

Verkefnið hefur þó ekki gengið alveg jafn hnökra-
laust og vonast var til. Í upphafi má líkja fram-
vindu þess við bíl á ferköntuðum hjólum – ferðin
hefur haldið áfram en með frekar ójöfnum takti.
Vissulega mun bíllinn halda áfram. En til þess
að það gangi betur þarf að slípa dekkinn. Af þeim
sökum hefur verið lögð áhersla á að auka samráð
milli íþróttahéraða, sveitarfélaga og annarra
hagaðila, með það að markmiði að tryggja jafnari
tækifæri barna og ungmenna til íþróttaiðkunar,
óháð búsetu, efnahag eða öðrum félagslegum
þáttum.

Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna eiga í miklu sam-
starfi sín á milli bæði með skipulögðum og óform-
legum hætti. Að mati starfsmanna og stjórnenda
í íþróttahreyfingunni liggur einn helsti styrkleiki
svæðisstöðvanna í þessum þætti.

Vert er að taka fram að á afar skömmum tíma hefur
orðið til samtal og samvinna fjölmargra aðila, bæði
innan stjórnsýslu ríkisins, innan sveitarfélaga og
há landshlutafélögum sveitarfélaganna. Samskipti
við félagsþjónustu hefur sem dæmi aukist mikið.
Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hafa af þeim
sökum skynjað mikinn vilja fyrir frekara samstarfi í
flestum sveitafélögum. Til viðbótar hafa svæðisfull-
trúar um allt land átt í mjög góðum samskiptum

við farsældarfulltrúa á hverjum landshluta. Verið
er að setja á fót farsældarráð um allt land og hafa
svæðisfulltrúar verið skipaðir í þau ráð á nokkrum
stöðum. Væntingar standa til þess að búið verði að
koma farsældarráðum af stað á öllum landshlutum
innan skamms.

ÁRANGUR OG VERKEFNI

Á fyrsta starfsári verkefnisins hafa svæðisfulltrúar
unnið að verkefnum sem snúa að aukinni þátttöku
barna í íþróttum, bættu aðgengi og samvinnu hags-
munaaðila. Verkefnin hafa meðal annars leitt til
eftirfarandi:

- Aukins framboðs á íþróttagreinum og nýrra
úrræða fyrir börn með fötlun.
- Samþættingar íþrótta- og skólastarfs.
- Aukinnar þátttöku barna af erlendum
uppruna, m.a. með móttökuaðgerðum og
kynningarbæklingum á fjölda tungumála.
- Stuðnings við íþróttahéruð og aðildarfélög í
formi fræðslu og verkfæra sem veita aðstoð til
faglegra vinnubragða.
- Aðgerðaráætlana fyrir hvert svæði.
- Aðgerðaráætlana íþróttahéraða.
- Viðburða tengdum Allir með í samstarfi við
íþróttahéruð, sveitafélög og íþróttafélög.
- Íþróttapings í samstarfi við íþróttahérað.
- Íþróttaráðstefna, málþinga og starfamesa.
- Samvinnuvettvangs íþróttahéraða.
- Stefnumótunar íþróttafélags.
- Tillögur að breyttum úthlutunarreglum
lottótekna fyrir íþróttahérað.
- Æfingar barna á leikskólaaldri inn í
skólastarfinu.
- Samvinna við sveitarfélag um að koma á
frístundastyrk í sveitarfélagi.
- Skíðaæfingar fyrir fatlaða - Hugmyndavinna og
búnaður.

- Samæfingar í badminton fyrir börn með fötlun - stuðningur og kynning.
- Móttökuaðgerðir fyrir börn fjölskyldna á flóttu.
- Kynningarbæklingar um framboð á íþróttum svæðis á mörgum tungumálum.
- Ferðakostnaður barna á landsbyggðinni.
- Stuðningur á æfingum við börn með fatlanir eða aðrar áskoranir.
- Íþróttaskóli - samþætting frístundar og íþróttastarfs sem miðar að því að allir hafi tækifæri til að stunda íþróttir.
- Áfangi í framhaldsskóla um sjálfbærni og áhrif íþróttahreyfingarinnar.
- Fræðsludagatal íþróttahéraða.
- Samningar milli íþróttahéraða og sveitarfélags.
- Skyndihjálparnámskeið fyrir aðildarfélög íþróttahéraða.
- Fjölgað almennu framboði íþróttagreina á ákveðnu svæði.
- Samstarf íþróttakennara og íþróttafélaga um kynningar á íþróttagreinum í skóla.
- Undirbúningur við verkefnið Fjarþjálfinn.

Að auki hafa verið gefnar út 6 mánaða skýrslur. Ársskýrsla með árangursmælikvörðum fyrir fyrstu 12 mánuði er væntanleg.

ÁHERSLUR VINNUHÓPA

Ásamt því að hver svæðisfulltrúi vinni á sínu svæði, þá vinna þeir saman í vinnuhópum þvert á svæðin. Málefnið sem hóparnir vinna að hverju sinni eru ákveðin í takt við það sem ákall er um í hreyfingunni.

Í fyrstu lotu vinnuhópa voru eftirfarandi áherslur:

- Samningar og fjármögnun
- Verkfærakista og fræðslumál
- Stjórnunarhættir og stærð íþróttahéraða
- Ferðakostnaður

Í annarri lotu vinnuhópa voru eftirfarandi áherslur:

- Fræðslumál
- Kynning og ímynd
- Fjármál
- Stjórnsýsla

Ýmis spennandi verkefni eru fram undan í starfinu. Stefnumótunarvinna og samvinna íþróttahéraða er komin af stað á ýmsum stöðum. Ásamt því er verið að skipuleggja farsældarþing, kynningu á starfsemi hreyfingarinnar ásamt málstofum og viðburðum tengdum íþróttastarfi barna og ungmenna með fötlun og af erlendum uppruna.

Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni.



HVATASJÓÐUR

Hluti af verkefni Svæðisstöðva íþróttahéraða var stofnun Hvatasjóðs. Reglugerð fyrir Hvatasjóð var samþykkt hjá Mennta- og barnamálaráðuneyti og stjórnunum ÍSÍ og UMFÍ á haustmánuðum 2024.



Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar veitir fjárhagslegan stuðning við verkefni sem stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum. Áherslur sjóðsins eru á verkefni sem tengjast börnum með fatlanir, börnum frá tekjulægri heimilum og börnum með fjölþættan menningar- og tungumálabakgrunn.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í janúar árið 2025. Þá bárust 49 umsóknir í sjóðinn og fengu 30 þeirra styrk upp á samtals 20,3 milljónir króna.

Úthlutað var úr sjóðnum í annað sinn í júní 2025. Þá barst 91 umsókn í sjóðinn og hlutu 72 þeirra styrk upp á samtals 38,5 milljónir króna.

Í sjóðsstjórn sitja:

- Gunnar Bragason, formaður stjórnar, tilnefndur af ÍSÍ
- Guðmundur Sigurbergsson, tilnefndur af UMFÍ
- Óskar Þór Ármannsson, tilnefndur af Mennta- og barnamálaráðuneyti
- Ragnheiður Högnadóttir, tilnefnd af UMFÍ
- Þórey Edda Elísadóttir, tilnefnd af ÍSÍ



59

millj. kr.
úthlutað

102


verkefni
styrkt

16

STYRKIR HVATASJÓÐS 2025

	1. ÚTHLUTUN		2. ÚTHLUTUN		SAMTALS	
	UMS.	STYRKUR	UMS.	STYRKUR	UMS.	STYRKUR
Skipt eftir verkefnum						
Tengd börnum af erlendum uppruna	8	6.100.000	10	5.590.000	18	11.690.000
Tengd börnum með fötlun	11	7.800.000	26	15.000.000	37	22.800.000
Tengd börnum af tekjulægri heimilum	6	3.700.000	5	1.800.000	11	5.500.000
Þvert á áhersluflokka verkefna	5	2.700.000	31	16.100.000	36	18.800.000
Skipt eftir landshlutum						
Höfuðborgarsvæðið	7	4.050.000	32	17.990.000	39	22.040.000
Suðurnes	3	3.500.000	3	1.750.000	6	5.250.000
Vesturland	7	4.250.000	9	4.550.000	16	8.800.000
Vestfirðir	2	1.150.000	1	300.000	3	1.450.000
Norðurland vestra	1	400.000	4	850.000	5	1.250.000
Norðurland eystra	6	3.200.000	4	2.000.000	10	5.200.000
Austurland	2	1.500.000	8	5.500.000	10	7.000.000
Suðurland	2	2.250.000	11	5.550.000	13	7.800.000
Samtals	30	20.300.000	72	38.490.000	102	58.790.000

STYRKIR TIL LANDSHLUTA í millj. kr.







SKÓLABÚÐIR



SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM

UMFÍ hefur starfrækt Skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði frá haustinu 2022. Frá þeim tíma hefur starfsemi og umfang búðanna vaxið hratt. Rekstur skólabúðanna er nú stærsta og umfangsmesta verkefni UMFÍ.



Ár hvert sækja Skólabúðir UMFÍ á bilinu 3.200 - 3.600 nemendur í 7. bekk grunnskóla víðs vegar af landinu. Nemendurnir dvelja þar frá mánudegi til fimmtudags og taka þátt í fjölbreyttu starfi. Í skólabúðunum fá ungmennin tækifæri til að kynna styrkleikum sínum og veikleikum, læra að takast á við ýmsar áskoranir og nýta eigin hæfileika til að efla félagsfærni sína og sjálfstraust.



Á meðan dvöl nemendanna stendur er lögð rík áhersla á samveru og samskipti við jafningja þar sem stuðlað er að jákvæðum anda og vináttu. Nemendur læra að vinna saman og styrkja sig sem einstaklinga. Þannig verða skólabúðirnar vettvangur þar sem grunnur er lagður að því að styrkja félagslega færni og samvinnuhæfni ungmenna á sama tíma og þær geta skapað minningar, sem fylgja þeim um ókomna tíð.



Gera má ráð fyrir að um 3.500 nemendur ásamt umsjónarfólki sækja skólabúðirnar á líðandi starfsvetri. Skólaárið 2025 - 2026 er svo fullbókað. Í skólabúðunum eru níu starfsmenn, þar á meðal forstöðumaður, frístundaleiðbeinendur og starfsfólk eldhúss og fólk sem vinnur við ræstingar. Starfsmannahópurinn býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á sínu sviði. Meirihluti starfsfólks hefur unnið þar frá upphafi Skólabúða UMFÍ á Reykjum árið 2022. Þessi stöðugleiki stuðlar að jákvæðri upplifun nemenda.

Á árinu hafa staðið yfir stöðugar endurbætur á Reykjum. Þar á meðal má nefna að nýtt parket var sett á kennslustofur í Bjarnaborg, ný ljós voru sett upp bæði í matsalnum í Ólafshúsi og í íþróttahúsinu auk þess sem búnaður sem nýttur er fyrir skipulagt starf í skólabúðunum var endurnýjaður. Ný leiktæki hafa líka bæst í safnið.

Töluvert er um helgarbókanir hópa á Reykjum. Þetta eru aðallega fjölskylduhópar, viðburðir félagasamtaka, ráðstefnur og fleira af þeim toga. Ljóst er að tækifærin í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum eru mikil og fjölbreytt.



95

**grunnskólar
komu í heimsókn**

SKÓLAR LANDSINS SÆKJA REYKI HEIM

Skólaárið 2024 – 2025.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Austurbæjarskóli, Álfhólsskóli, Álftanesskóli, Barnaskóli
Hjallastefnunnar Garðabæ,
Barnaskólinn í Reykjavík,
Borgaskóli, Breiðagerðisskóli,
Breiðholtsskóli, Dalskóli,
Engjaskóli, Foldaskóli,
Fossvogsskóli, Grandaskóli,
Hamraskóli, Helgafellsskóli,
Hólabrekkuskóli,
Hörðuvallaskóli,
Hraunvallarskóli, Húsaskóli,
Hvassaleitisskóli, Hvaleyrarskóli,
Háteigsskóli, Ingunnarskóli,
Klébergsskóli, Kópavogsskóli,
Landakotsskóli, Langholtsskóli,
Laugalækjarskóli, Melaskóli,
Norðlingaskóli, Rimaskóli,
Salaskóli, Seljaskóli,
Setbergsskóli, Sjólandsskóli,
Smáraskóli, Snælandsskóli,
Sæmundarskóli, Vatnsendaskóli,
Viðistaðaskóli, Öldutúnsskóli.

SUÐURNES

Gerðaskóli, Háaleitisskóli á
Ásbrú, Heiðarskóli, Holtaskóli,
Lundarskóli, Myllubakkaskóli,
Reykholtskóli, Sandgerðisskóli,
Stapaskóli, Vogaskóli.

VESTURLAND

Auðarskóli í Búðardal,
Brekubæjarskóli, Grundaskóli,
Grunnskóli Borgarfjarðar,
Grunnskóli Grundarfjarðar,
Grunnskóli Snæfellsbæjar,
Grunnskólinn í Borgarnesi.

VESTFIRÐIR

Bíldudalsskóli, Grunnskólinn
á Drangnesi, Grunnskólinn
á Hólmavík, Grunnskólinn
á Ísafirði, Grunnskólinn í
Bolungarvík, Patreksskóli,
Tálknafjarðarskóli.

NORÐURLAND VESTRA

Árskóli, Grunnskóli Húnaþings
vestra, Húnaskóli, Höfðaskóli.

NORÐURLAND EYSTRA

Brekkuskóli, Dalvíkurskóli,
Giljaskóli, Glerárskóli,
Grunnskóli Fjallabyggðar,
Grunnskólinn á Þórshöfn,
Hrafnagilsskóli, Naustaskóli,
Oddeyrarskóli, Síðuskóli við
Bugðusíðu.

AUSTURLAND

Grunnskóli Hornafjarðar.

SUÐURLAND

Bláskógaskóli Laugarvatni,
Flóaskóli, Flúðaskóli,
Grunnskólinn á Klaustri,
Grunnskóli Þorlákshafnar,
Kerhólsskóli, Þjórásarskóli.

// Alltaf jafn gaman að koma á Reyki, vel staðið að skipulögðu
starfi þar sem ungmennti fá að njóta sín í öruggu umhverfi.
Starfsfólkið er alltaf hress, skemmtilegt og til í allt.

Sindri Ágústsson, Hörðuvallaskóla.

SUMARBÚÐIR

Sumarið 2025 voru Sumarbúðir UMFÍ haldnar í fyrsta sinn á Reykjum í Hrútafirði. Þær voru ætlaðar börnum fæddum 2011–2013, eða 12–14 ára.

Í sumarbúðunum var lögð áhersla á hreyfingu og útiveru samhliða því að þátttakendur fengu tækifæri til að efla leiðtogaþæfni sína og vinna frekar með styrkleika sína og sjálfsmynd. Starfið fór fram í nánasta umhverfi Reykja, í fjörunni og í náttúrunni þar í kring, auk þess sem íþróttahús og sundlaug á svæðinu voru nýtt til fulls.

Starfsfólk sumarbúðanna var að stórum hluta það sama og vinnur í Skólabúðum UMFÍ yfir veturinn. Af þeim sökum er óhætt að segja að þarna var reynslumikið starfsfólk og vel undirbúið til að vinna með ungmennum. Mikil vinna fór í að skipuleggja og halda utan um starfsemi sumarbúðanna. Fyrir sumarið voru ráðnir inn tveir starfsmenn til viðbótar við þá sem fyrir voru. Þetta voru þau Ernir Daði Sigurðsson og Karen Hulda Finnsdóttir, sem sæti eiga í Ungmennaráði UMFÍ. Þau reyndust frábær viðbót við starfsmannahópinn.

Starfsemi sumarbúðanna tók við svo til í framhaldi af starfi Skólabúðanna. Þar sem um tilraun var að ræða stóðu þær yfir í aðeins tvær vikur í byrjun júní árið 2025. Þátttakendur mættu á mánudegi og fóru heim á fimmtudegi. Þátttakendum var skipt í tvo hópa: Í fyrri vikunni voru strákar í sumarbúðunum og í þeirri seinni voru stelpur. Strákarnir voru 35 talsins og stelpurnar 40.

Þátttakendur voru ánægðir með starfsemi sumarbúðanna. „Þeim fannst öllum skemmtilegt að vera úti og leika sér og sumarbúðirnar gengu rosalega vel. Við fórum í mikið af leikjum og fengum geggjað veður,“ sagði Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður sumarbúðanna.









MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð með keppnisgreinum fyrir ungmenni á aldrinum 11 – 18 ára. Mótið var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina, dagana 31. júlí – 3. ágúst. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmenna- og Íþróttasamband Austurlands (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing. Mótið var síðast haldið á Egilsstöðum árið 2017.

Undirbúningur Unglingalandsmóts UMFÍ hófst haustið 2024 með skipun framkvæmdanefndar. Í nefndinni sátu fulltrúar UMFÍ, UÍA og Múlaþings. Nefndin fundaði reglulega og skipti með sér verkefnum. Allir nefndarmenn eiga miklar þakkir skilið fyrir mikið og gott vinnuframlag.

FRAMKVÆMDANEFND

Ómar Bragi Stefánsson var framkvæmdastjóri mótsins. Silja Úlfarsdóttir og María Sigurðardóttir voru ráðnar í störf verkefnastjóra, sem ásamt framkvæmdanefnd mótsins, stóðu fyrir skipulagningu og framkvæmd þess. Starfs- og stjórnar-fólk UMFÍ kom einnig að undirbúningi og framkvæmd mótsins með ýmsum hætti.

Í framkvæmdanefnd voru:

- Jónína Brynjólfssdóttir (Múlaþing), formaður
- Gunnar Gunnarsson (UMFÍ), ritari
- Þórunn María Þorgrímsdóttir (UÍA), gjaldkeri
- Freyr Ævarsson (UÍA), keppnisstjórn
- Jóhann Harðarson (UÍA), keppnisstjórn
- Þuríður Ragnheiður Sigurjónsdóttir (UÍA), keppnisstjórn
- Ágúst Bragi Daðason (UÍA), afþreyingarstjórn
- Benedikt Jónsson (UÍA), afþreyingarstjórn
- Reynir Hólm Gunnarsson (UÍA), afþreyingarstj.
- Valgeir E. Hafþórsson (UÍA), afþreyingarstjórn
- Benedikt Jónsson (UÍA), tjaldbúða- og öryggisstj.
- Kristófer Einarsson (UÍA), tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Gunnar Gunnarsson (UÍA), veitingastjórn
- Hugrún Hjálmarsdóttir (Múlaþing), svæðisstj.
- Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir (Múlaþing), svæðisstjórn

SKRÁNINGARKERFI

UMFÍ og þátttakendur Unglingalandsmótsins notuðu skráningarkerfið Abler. Kerfið hefur reynst vel og veitt þátttakendum bæði möguleika á að kaupa aðgang að mótinu og bóka rafmagn á tjalðsvæði. Skráning þátttakenda í keppnisgreinar og lið fór einnig alfarið fram í gegnum Abler, sem tryggði gott skipulag og yfirsýn. Þátttakendur fengu jafnframt allar helstu upplýsingar í gegnum kerfið, þar á meðal um keppnisstaði og tíma-setningar. Til viðbótar notaði UMFÍ kerfið til að senda þátttakendum upplýsingar þegar á þurfti að halda. Í fyrsta skipti í ár voru allar greinar mótsins sýnilegar í dagskrá Abler-appsins.

FYRIRKOMULAG

Unglingalandsmót UMFÍ hófst á fimmtudegi og lauk því á sunnudagskvöld. Mótssetning var á föstudagskvöldi á Vilhjálmssvelli. Ávarp á setningunni héldu þau Jódís Lilja Skúladóttir, fyrir hönd keppenda, Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitastjóri Múlaþings og Benedikt Jónsson, formaður UÍA.

Mótablað var gefið út, það var prentað og gert aðgengilegt á vef UMFÍ. Mótsgestir fengu blaðið afhent þegar þeir náðu í mótsstöð. Í blaðinu voru helstu upplýsingar um Unglingalandsmótið, keppnisgreinar og afþreyingu, auk innslaga frá fulltrúum UMFÍ, UÍA og Múlaþings. Í blaðinu var brugðið út af hefð fyrri ára, sem einkenndist af ávörpum frá áðurnefndum fulltrúum UMFÍ, sambandsaðila og viðkomandi sveitarfélags. Í stað ávarpa voru viðkomandi spurðir ákveðinna spurninga um gildi mótsins fyrir héraðið og sveitarfélagið. Það gafst vel, var bæði létt og skemmtilegt aflestrar.

1.082

þátttakendur

5.588

skráningar í greinar

Keppnisaðstæður á Egilsstöðum og helsta nágrenni voru afar góðar. Keppni fór fram á ýmsum stöðum á Egilsstöðum, í Fellabæ, Selskógi, Mýnesgrúsum og Fossgerði. Veðrið var almennt hagstætt, vindur var hlýr, þurrt loftslag og hiti allt að 18 gráðum, auk þess sem sólin lét sjá sig öðru hvoru.

Tvö tjalðsvæði voru fyrir mótsgesti. Líkt og fyrri ár var aðgangur að tjalðsvæði fyrir alla fjölskylduna innifalið í þátttökgjaldi mótsins. Aðaltjalðstæði bæjarins var nýtt ásamt öðru svæði sem staðsett er á milli flugvallarins á Egilsstöðum og aðaltjalðsvæðisins.

Mótsslit fóru fram að lokinni kvöldvöku á sunnudagskvöldinu í Bragganum við Sláturhúsið á Egilsstöðum. Þar tilkynnti Jóhann Steinar, formaður UMFÍ, þátttakendum og öðrum gestum að Héraðssamband Þingeyinga (HSP) hafi unnið Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Ásamt því tilkynnti Jóhann Steinar að mótið á næsta ári fari fram á Sauðárkróki. Að því loknu sleit hann mótinu með formlegum hætti.

// Mjög gaman að bjóða upp á svona fjölbreytileika á föstudagskvöldinu og dreifa mannskapnum. Rosalega gaman að fara á milli svæða en ekki bara að hafa tónleika í einu tjalði og allir þar saman komnir.

Gestur á Unglingalandsmóti UMFÍ

STYRKARAÐILAR

Helstu styrktaraðilar mótsins voru: ALCOA, CCEP, Embætti landlæknis, HEF veitur, Íslensk getspá og Getraunir, Landsvirkjun, Nettó, Síldarvinnslan og VHE.

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru eftirfarand: Borðtennis, fimleikar, frísbíggj, frjálssar íþróttir, glíma, golf, grasblak, grashandbolti, hestaíþróttir, hjóltreiddar, knattspyrna, krakkahreysti, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, sund og upplestur.

ÞÁTTTAKENDUR EFTIR SAMBANDSAÐILUM

	2025	2024	2023
HHF	18	15	6
HSB	1	0	2
HSH	20	51	0
HSK	78	131	108
HSS	0	10	9
HSV	0	0	1
HSP	47	24	32
ÍA	12	18	13
ÍBA	66	85	124
ÍBH	36	37	27
ÍBR	58	91	56
ÍBV	0	0	0
ÍRB	25	33	0
ÍS	0	0	0
UDN	6	21	14
UIA	336	24	46
UIF	7	1	5
UMSB	49	119	50
UMSE	63	56	50
UMSK	64	85	99
UMSS	53	41	194
USAH	25	25	31
USÚ	36	17	16
USVH	4	9	15
USVS	29	30	28
Vesturhlíð	0	0	0
Án héraðs	49	59	90
Samtals	1.082	982	1.018

FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

ÁR	STAÐUR	FJÖLDI
2025	Egilsstaðir	1.082
2024	Borgarnes	982
2023	Sauðárkrókur	1.018
2022	Selfoss	959
2019	Höfn í Horn.	960

AFPREYING OG TÓNLEIKAR

Á mótinu var fjölbreytt afþreyingadagskrá, sem samanstóð af tónlist og ýmsum uppákomum fyrir alla fjölskylduna. Öll tónlistaratriði fóru fram í Bragganum, nema Ína Berglind Guðmundsdóttir og Jóna Þyrí Snæbjörnsdóttir, sem sungu við setningu mótsins. Aðrir listamenn sem fram komu voru: DJ Hilmir Dagur Ólafsson, DJ Sigríður Svandís Hafþórsdóttir, Dj Ragga Hólm, Stebbi Jak og Hafþór, Júlí Heiðar og Dís, Magni Ásgeirsson, DJ Ernir Daði og bræðurnir í VÆB.

Í Tjarnargarði á Egilsstöðum var skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna bæði föstudag og laugardag. Þar gátu mótsgestir prófað ýmis leiktæki, þrjár útgáfur af náttúru- og þrautaleikjum, fylgst með þegar kveikt var upp í varðeldi, hægt að grilla ormabrauð, fara í sköpunarsmiðju, skoða blóm, fönndra og margt fleira.

Á meðal annarrar afþreyingar sem boðið var upp á: Jóga og slökun, foreldrablak, listasmiðja, barnadagskrá, pútt og vippkeppni, fótboltafjör, LED badminton, sundlaugarpartý, körfuboltaþing, blindrabolti, ringó, hobbíhestar (prikkestar), dans og diskó.

MÓTSHALDARAR 2027

Auglýst hefur verið eftir mótshöldurum Unglingalandsmóts UMFÍ fyrir árið 2027 í nokkur skipti. Breyta á úthlutun mótanna og er horft til þess að mótið færist reglulega á milli nokkurra sambandsaðila. Frestur til að skila inn umsóknum rann út 15. september 2025, en engin umsókn barst. Skoða þarf ástæðu þess og mögulega þarf að meta hvort ráðast þurfi í átak til að auglýsa mótahaldið fyrir sambandsaðilum og sveitarfélögum.

87%

þátttakenda fannst framkvæmd mótsins takast mjög vel eða vel

96%

þátttakenda líkaði að vera á mótinu

90%

þátttakenda mæla með mótinu við aðra

33%


þátttakenda kom í fyrsta sinn á mótið

tæplega

50%

þátttakenda tóku þátt í knattspyrnu, grasblaki og kökuskreytingum





LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ sameinar fólk á besta aldri til þátttöku á íþróttaviðburði þar sem blandað er saman hreyfingu, keppni og félagslegri skemmtun. Þetta var 13. skiptið sem mótið var haldið og jafnframt fyrsta skiptið sem það var haldið í Fjallabyggð. Mótið fór fram dagana 27. – 29. júní og voru mótshaldarar UMFÍ, Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF) og sveitarfélagið Fjallabyggð.

Undirbúningur mótsins hófst síðari hluta árs 2024 og tók á sig fullan kraft á vormánuðum 2025. Framkvæmdanefnd stóð fyrir skipulagningu og vann af mikilli elju að undirbúningi mótsins. Nefndin samanstóð af fulltrúum UMFÍ, Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF) og sveitafélagsins Fjallabyggðar.

Dagskrá mótsins var fjölbreytt. Þar voru í boði opnir viðburður eins og götuhlaup fyrir fólk á öllum aldri, sundleikfimi, keppni í brennibolta og kynningar á borðtennis, petanque, frísbíggölf, mini golfi, ringó, hlaupaskotfimi, blaki, pokavarp og bogfimi.

Þátttakan á mótinu var mjög góð. Til leiks voru skráðir 340 keppendur. Uppselt var á matar- og skemmtikvöldið sem var á laugardagskvöldinu á Café Rauðku á Siglufirði. Boðið var upp á rútuferðir fyrir þá gesti sem komu frá Ólafsfirði. Á matar- og skemmtikvöldinu komu saman keppendur, makar og ýmsir aðrir gestir og nutu þau saman matar og skemmtunar fram eftir kvöldi.

Sérstakt mótsblað kom út. Þar voru ávörp frá skipuleggjendum, upplýsingar um viðburðinn, dagskrá, auglýsingar og stuðningkveðjur frá samstarfsaðilum.

FJÖLDI ÞÁTTTAKENDA

ÁR	STAÐUR	FJÖLDI
2025	Siglufjörður og Ólafsfjörður	340
2024	Vogar á Vatnsleysuströnd	308
2023	Stykkishólmur	306
2022	Borgarnes	216
2019	Neskaupstaður	266

FRAMKVÆMDANEFND

Framkvæmdastjóri mótsins var Ómar Bragi Stefánsson ásamt því að vera starfsmaður nefndarinnar.

Í framkvæmdanefnd mótsins voru:

- Óskar Þórðarson (UÍF), formaður
- Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (UÍF), ritari
- Guðný Helgadóttir (UÍF), aðstoðar ritari
- Eva Björk Ómarsdóttir (UÍF), gjaldkeri
- Kristján Hauksson (UÍF), keppnisstjórn
- Þórarinn Hannesson (UÍF), keppnisstjórn
- Dagný Finnsdóttir (UÍF), keppnisstjórn
- Sandra Finnsdóttir (UÍF), afþreyingarstjórn
- Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir (UÍF), afþreyingarstjórn
- Júlíus Þorvaldsson (UÍF), öryggisstjórn
- Sara Sigurbjörnsdóttir (UÍF), öryggisstjórn
- Anna Þórisdóttir (UÍF), veitingastjórn
- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (UÍF), svæðisstjórn
- Óðinn Freyr Rögnvaldsson (UÍF), svæðisstjórn
- Gunnar Þór Gestsson (UMFÍ)

SAMSTARFSADILAR

Helstu samstarfsaðilar á mótinu voru: Íslensk getsþá og Getraunir – Embætti landlæknis – Primex, Bás, Artasan, SS, Teva, Happraetti Háskóla Íslands, Icepharma og Múlatindur.

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru 13 talsins. Á Siglufirði fór fram keppni í boccia, ringó, sundi og badminton. Á Ólafsfirði fór fram keppni í golfi, bridds, pílu, pokavarp, frjálsum íþróttum, pútti, skotfimi, stígvélakasti og pönnukökubakstri. Aðstæður til mótshalda voru mjög góðar bæði á Siglufirði og Ólafsfirði og gistu þátttakendur á báðum stöðum. Stemningin á mótinu einkenndist af mikilli gleði og öflugum keppnisskapi.

340

þátttakendur

ALDUR ER ENGIN FYRIRSTAÐA

Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, maður hennar, mættu á Landsmót UMFÍ 50+ og ræddu við þátttakendur. Halla hrósaði mótinu og lagði áherslu á mikilvægi þess að hreyfa sig og vera virkur á öllum aldri: „Það er dýrmætt að sjá hversu gleðin, samveran og hreyfingin blómstra á þessu móti. Það sýnir okkur að aldur er engin fyrirstaða fyrir virkri þátttöku í samfélaginu,“ sagði forseti Íslands við setningu mótsins.

SKRÁNINGAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

	2025	2024	2023
HHF	0	1	0
HSB	0	0	1
HSH	2	3	43
HSK	35	41	22
HSS	1	5	6
HSV	17	11	16
HSÞ	9	4	5
ÍA	3	9	3
ÍBA	28	0	8
ÍBH	2	7	7
ÍBR	7	37	12
ÍBV	0	0	0
ÍRB	20	28	0
ÍS	2	24	0
UDN	1	0	0
UÍA	2	7	2
UÍF	66	0	0
UMSB	37	30	42
UMSE	11	4	6
UMSK	28	48	30
UMSS	2	2	0
USAH	2	4	3
USÚ	2	2	0
USVH	17	8	3
USVS	2	0	9
Vesturhlíð	4	4	0
Án héraðs	40	34	88
Samtals	340	313	306



DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Drulluhlaup er samstarf UMFÍ, Krónunnar og Ungmennafélagsins Aftureldingar (UMFA). Hlaupið er óhefðbundið og skemmtilegur viðburður þar sem fjölskyldur, saumaklúbbar, vinir og/eða aðrir hópar og einstaklingar skemmta sér við að komast í gegnum drulluskítuga hlaupabraut.

Hlaupið fór fram í góðu veðri laugardaginn 16. ágúst. Nokkrum dögum fyrir hlaupið var mikil rigning og rok í kortunum á hlaupadegi. Skipuleggjendur höfðu eðlilega áhyggjur af veðurspám og voru um tíma tilbúnir til að færa viðburðinn aftur um einn dag vegna veðurs. Þrátt fyrir vonda spá var í bígerð að nýta sér það, enda er viðburðurinn þess eðlis að verri aðstæður gera brautina enn drullugri og skítugri. Ef sól skini skært væru á móti meiri líkur á að drullan myndi þorna og þyrfti að auka á subbuskapinn með meira vatni. Eftir því sem nær dró hlaupadegi bötnuðu spárnar og þegar fólk var farið að reima á sig skóna var skýjað en stillt og aldeilis frábærar aðstæður til að spretta úr spori.

Engin tímataka er í Drulluhlaupi Krónunnar. Í stað þess að fylgjast með þeim sem koma fyrst í mark er áhersla lögð á þátttöku og gleðina sem flest í því að vera með í skemmtilegum viðburði. Keppnin er algjört aukaatriði. Drulluhlaupið er líka fjölskylduviðburður þar sem allir taka þátt á eigin forsendum, hlaupa 3,5 kílómetra og einbeita sér að því að hjálpa hvert öðru yfir meira en 20 þrautir á leiðinni.

Drulluhlaupið var fyrst haldið í Mosfellsbæ árið 2022 og hefur síðan þá verið árlegur viðburður. Krónan sér um hönnun kynningarefnis í samstarfi við UMFÍ, greiðir allan kynningarkostnað og kostar afþreyinguna. Þátttakendum í hlaupinu hefur fjölgað jafnt og þétt með árunum. Í fyrsta hlaupinu voru um 400 þátttakendur skráðir til leiks. Í ár voru þeir 1.025 talsins, bæði börn og fullorðnir.

Þátttökugjald var óbreytt frá fyrra ári og var 3.500 krónur á hvern þátttakanda. Hópar sem skráðu sig saman greiddu lægra verð: þrír til fjórir greiddu 7.000 krónur, fimm manna hópur 8.500 krónur og sex manna hópur 10.000 krónur. Með þessu fyrirkomulagi var komið til móts við stærri hópa og fjölskyldur og reynt að koma í veg fyrir að þátttakan tæki um of á budduna.

Aðkoma UMFÍ fólst í að hafa yfirumsjón með undirbúningi og leggja línur viðburðarins eftir gildum UMFÍ. Töluverð vinna fór í það síðustu dagana fyrir hlaupið að setja upp brautir og tryggja að allt væri klárt á laugardagsmorgni þegar hlaupið hófst.

Við upphaf og endi hlaupsins var mikil stemning allan tímann og allt gert til þess að bjóða upp á hressingu fyrir þátttakendur og áhorfendur. Skemmtikrafturinn og leikarinn Sandra Barilli hélt uppi stuði við startlínu ásamt plötusnúði. Krónan leigði risastóra froðuvél, kom með Krónuhjólið, sem allan tímann var fullt af ávöxtum og drykkjum fyrir þátttakendur. Endamarkið var á sama svæði og þar voru skólunarstöðvar. Þátttakendur fengu svo frítt í Varmárlaug að hlaupi loknu.

1.025
þátttakendur







FRÆÐSLA OG FORVARNIR

SAMSTARFSVERKEFNI

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. UMFÍ leggur einnig áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum.

ALLIR MEÐ

Í upphafi árs 2023 var ráðist í verkefnið **Farsælt samfélag – brúum bilið, sem spratt upp úr samnefndri ráðstefnu, sem haldin var árið 2022.**

Félags- og vinnumálaráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið og Mennta- og barnamálaráðuneytið styrktu verkefnið um 20 milljónir króna á ári í þrjú ár (2023 – 2025). Verkefnið miðar að því að efla íþróttaþátttöku fatlaðra barna og ungmenna og er liður í því að framfylgja 30. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fullgilti árið 2016. Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) er ábyrgðar- og framkvæmdaraðili verkefnisins í samstarfi með UMFÍ og ÍSÍ.

Valdimar Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri Allir með í janúar 2023. Hann er með aðsetur á skrifstofu ÍF í Íþróttamiðstöðinni í Laugardalnum. Í vinnuhópi verkefnisins sitja Anna Karólína Vilhjálmisdóttir fyrir hönd ÍF, Ragnheiður Sigurðardóttir frá UMFÍ og þau Þórarinn Alvar Þórarinsson og Ragnhildur Skúladóttir fyrir hönd ÍSÍ.

HUGMYNDAFRÆÐI OG HAGSMUNAAÐILAR VERKEFNISINS

Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hefðbundin íþróttafélög bjóði börnum með fatlanir upp á þjálfun á sama hátt og ófötluðum börnum. Markmiðið er að skapa fjölbreytt og aðgengilegt íþróttastarf þar sem öll börn og ungmenni fá tækifæri til að stunda íþróttir í sínu nærumhverfi.

Að verkefninu koma fjölmargir hagsmunaaðilar og eru hlutverk þeirra skýr:

- Sveitarfélög veita stuðning, tryggja aðgengi og liðveislu, hvetja til þátttöku og skapa jákvætt viðhorf.
- Íþróttafélög sjá um framboð og fjölga tækifærum til þátttöku, auk samstarfs við aðra aðila.
- Sérsambönd hvetja til þátttöku, bjóða fræðslu og menntun fyrir þjálfara og vinna með háskólasamfélaginu.
- Íþróttahreyfingin leggur áherslu á hvatningu, kynningu, samstarf við stjórnvöld, fræðsluefni og fjármögnun verkefna.
- Íþróttahéruðin styðja með fræðslu, aðstoð, viðhorfsbreytingu, fjármögnun og skipulagningu funda og ráðstefna.

Í tengslum við verkefnið hafa verið haldnir fundir með íþróttafélögum, sérsamböndum, sveitarfélögum og skólum víðs vegar um landið. Verkefnisstjóri hefur jafnframt haldið kynningar fyrir ýmsa aðila sem hafa óskað eftir frekari fræðslu um verkefnið.

ALLIR MEÐ LEIKARNIR

Allir með leikarnir fóru fram 9. nóvember í Laugardalnum í Reykjavík. Viðburðurinn er hugsaður sem vettvangur til að kynna íþróttagreinar fyrir börnum á grunnskólaaldri og sýna þeim hvað er í boði fyrir þau sem vilja hefja æfingar. Um 120 börn mættu, mörg með forráðafólki, og áttu allir þátttakendur saman skemmtilegan dag í Laugardalnum þar sem kynntar voru nokkrar íþróttagreinar. Þær voru: Frjálsar íþróttir, fimleikar, körfubolti, fótbolti og handbolti. Verkefnið var unnið í samstarfi við sérsambönd viðkomandi greina.

ÍSLANDSLEIKARNIR

Íslandsleikarnir 2025 fóru fram á Selfossi dagana 28. – 30. mars 2025. Kepppt var í fimm greinum: Frjálsum íþróttum, fimleikum, fótbolta, handbolta og körfubolta. Til viðbótar var boðið upp á opnar æfingar í greinunum. Alls tóku tæplega 70 þátttakendur þátt í Íslandsleikunum og fengu þátttakendur tækifæri til að prófa flest sem í boði var. Dagskráin var fjölbreytt. Auk keppni í ýmsum greinum og æfingum var boðið upp á tónleika, pizzuveislu og sundlaugapartý.

Íslandsleikarnir tókust einstaklega vel, þátttakendur voru kátir og gleði í loftinu. Greinilegt var að þátttakendur nutu sín. Ungmennafélag Selfoss og Selfoss karfa héldu utan um framkvæmdina, sem var til fyrirmyndar. Styrktaraðilar voru Dominos, Innes, Mjólkursamsalan, CCEP og Bananar. Töluvert var fjallað um Íslandsleikana í fjölmiðlum, en það sýnir styrkleika verkefnisins og góðan hug til þess.

HJÓLASTÓLAKARFA

Verkefnið Allir með hefur fest kaup á tólf íþróttahjólastólum í þremur stærðum. Þeir eru ætlaðir iðkendum á aldrinum 7 – 14 ára. Íþróttafélögin ÍR og Fjölnir hófu veturinn 2024 að bjóða upp á hjólastólakörfubolta með einni æfingu í viku. Til að auðvelda flutning á stólunum var keypt kerra undir þá. Hönnuðir hjá Marel bjuggu til sérstakan búnað sem auðveldar flutning á stólunum og gerir skipuleggjendum kleift að flytja allt að 12 stóla í einu.

Nokkrir styrktaraðilar gerðu kaup á hjólastólum og kerrunni möguleg. Styrktaraðilar voru Krónan, FIBA (KKÍ), ÖBÍ, Fastus, Lionsklúbburinn Njörður og Getspá.

Kerran var skreytt í samstarfi við Listaháskóla Íslands en þar var efnt til keppni um hönnun hennar. Vinningstillöguna átti Gunnar Karl Thoroddsen.

Kynning á verkefninu Allir með fór fram í Kringlunni í samstarfi við KKÍ þar sem landsliðsfólk ásamt ungum iðkendum frá ÍR og Fjölni kynntu hjólastólakörfubolta.

HVAÐ HEFUR ÁUNNIST

Á fyrstu tveimur árum verkefnisins hefur orðið áþreifanleg hugafarsbreyting í samfélaginu. Sífellt fleiri átta sig á að fjölga þarf tækifærum fyrir fólk með fötlun í íþróttum. Ábyrgðin hvílir ekki aðeins á Íþróttasambandi fatlaðra heldur á íþróttahreyfingunni allri. Fjölmörg sveitarfélög hvetja nú íþróttafélög sín til að bjóða upp á þjálfun fyrir fatlaða á sama hátt og ófatlaða. Almenn vitund hefur jafnframt aukist um stöðuna og fleiri vita nú en áður að einungis 4% fatlaðra barna á grunn-skólaaldri stunduðu íþróttir áður en Allir með byrjaði.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sýnileika og hafa fjölmiðlar veitt verkefninu góða athygli. Það hefur hjálpað til við að ná til foreldra og almennings. Jákvæðni gagnvart verkefninu er áberandi hvar sem komið er, bæði meðal almennings og ráðamanna.

Árangurinn sést skýrt í tölum: Framboð á íþróttastarfi hefur aukist og hlutfall fatlaðra barna sem stunda íþróttir hefur hækkað úr 4% í 8,5%. Til að tryggja áframhaldandi árangur og festa verkefnið í sessi er nauðsynlegt að framlengja verkefnið og tryggja fjármagn þess til næstu ára.



KONUR OG ÍPRÓTTIR

Í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna stóðu ÍSÍ, UMFÍ og Háskólinn í Reykjavík fyrir ráðstefnunni Konur og Íþróttir: Hvað segja vísindin? Ráðstefnan fór fram í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 7. mars 2025. Einnig var hægt að fylgjast með ráðstefnunni í streymi.

Á ráðstefnunni voru konur í íþróttum í brennidepli út frá rannsóknum og fræðilegri nálgun. Þar var fjallað um stöðu, tækifæri og áskoranir kvenna í íþróttastarfi og var lögð áhersla á að umræðan varði ekki aðeins konur, heldur einnig karla sem gegna fjölmörgum þjálfara- og stjórnendastöðum innan íþróttahreyfingarinnar.

Viðburðurinn var framhald af umræðu sem hófst á sams konar viðburði árið áður. Þar var sjónum beint að konum í stjórnnum íþróttafélaga, dóm-gæslu og þjálfun. Nú var áherslan á það sem vísindin segja okkur um konur og íþróttir. Þetta skapaði tækifæri til fræðslu, umræðu og vitundarvakningar um jafnrétti innan íþróttar. Viðburðurinn var vel sóttur og þótti takast vel til.

VERTU MEÐ!

Frá árinu 2019 hafa UMFÍ og ÍSÍ gefið út bæklinginn *Vertu með!* sem miðar að því að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

Í efninu er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþróttafélaga, æfingagjöld, frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra. Bæklingurinn er aðgengilegur á vef UMFÍ á tíu tungumálum.

SÝNUM KARAKTER OG 5C'S

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni UMFÍ og ÍSÍ sem miðar að því að efla sálræna og félagslega færni barna og ungmenna í íþróttum.

Vefsetrið 5c.is opnaði sumarið 2024 og er það ætlað þjálfurum, kennurum, íþróttafólki og foreldrum sem vilja fræðast um mikilvægi hugarfars í íþróttastarfi. Verkefnið er afrakstur Erasmus+ samstarfs ÍSÍ, UMFÍ, Háskólans í Reykjavík, háskólanna í Loughborough og Nottingham Trent, auk Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) og Fimleikasambands Íslands (FSÍ).

Í tengslum við verkefnið er boðið upp á námskeið fyrir þjálfara, foreldra, íþróttafólk og félög þar sem lögð er áhersla á fimm lykilþætti 5C-aðferðarinnar: Skuldbindingu, samskipti, einbeitingu, sjálfsstjórn og sjálfstraust. Námskeiðin byggja á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði og hafa verið kynnt víða innan hreyfingarinnar.

RÁÐSTEFNA RIG

Miðvikudaginn 22. janúar 2025 fór fram ráðstefnan Meira eða minna afreks? í Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin í tengslum við Reykjavíkurleikana (RIG) og var hún samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ, ÍBR og HR. Þar var fjallað um snemmtæka afreksvæðingu í íþróttum barna og ungmenna og áhrif hennar á ungt fólk.

Á ráðstefnunni gafst einstakt tækifæri til að heyra í innlendum og alþjóðlegum sérfræðingum sem kynntu nýjustu rannsóknir, hver á sínu sviði. Þeir tóku líka þátt í umræðum um jafnvægi milli keppni og vellíðunar í íþróttastarfi barna og ungmenna. Á ráðstefnunni var leitast við að svara spurningum á borð við: Hvenær ætti sérhæfing að hefjast? Hvernig er hægt að móta framtíðar afreksfólk án þess að fórna leikgleðinni? og verða þau börn sem skara fram úr snemma endilega afreksfólk í framtíðinni?

Meðal fyrirlesara voru þau dr. Carsten Hvid Larsen, yfirsálfræðingur Danska knattspyrnusambandsins, Katie Castle, sálfræðingur og fyrrverandi afrekskona í fimleikum, Christian Thue Björndal, dósent við Norska íþróttaháskólann, og Daði Rafnsson, sálfræðingur og doktorsnemi við HR.

FORVARNARDAGURINN

Miðvikudaginn 1. október 2025 var Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Dagurinn er árlegur viðburður þar sem kastljósinu er beint að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári framhaldsskóla.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur nýjustu niðurstöður rannsókna um aldurshóp sinn og miðla hugmyndum sínum um samveru, íþrótt- og tómstundastarf. Að þessu sinni var dagurinn settur í Vogaskóla og síðar í október fer fram málþing í tengslum við hann. Einnig var haldin leikjaáskorun á samfélagsmiðlum og verður verðlaunaafhending á Bessastöðum síðar á árinu. Í ár tóku fulltrúar ungmenningaráðs þátt í undirbúningi dagsins.

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins. Meðal samstarfsaðila eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, ÍSÍ, UMFÍ, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta, Heimili og skóli og ríkislögreglustjóri.

DAGUR GEGN EINELTI

Ár hvert, 8. nóvember, er haldið upp á Dag gegn einelti. Í tilefni dagsins eru veitt Hvatningarverðlaun gegn einelti til einstaklings eða verkefnis sem hefur unnið ótúllega að baráttunni. Árið 2024 hlaut Freyja Rós Haraldsdóttir, kennari við Menntaskólann á Laugarvatni, þessi verðlaun.

UMFÍ nýtir daginn til að vekja athygli á einelti og kynna samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Viðbragðsáætlunin er aðgengileg á vef UMFÍ.

DAGUR SJÁLFBODALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfbodaliða er 5. desember ár hvert. Sjálfbodaliðastörf hafa verið uppistaðan í öllu starfi UMFÍ frá því að ungmennafélags-hreyfingin var stofnuð árið 1907.

Í tilefni Dags sjálfbodaliðans buðu UMFÍ og ÍSÍ sjálfbodaliðum íþróttahreyfingarinnar til samverustundar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Þar fór fram stutt málþing þar sem Guðrún Kristín Einarsdóttir, Íþróttaeldhugi ársins 2023, sagði frá reynslu sinni af sjálfbodastarfi, auk þess fluttu tveir einstaklingar stutt en skemmtileg erindi. Það voru þau Jón Hlíðar Vilhelmsson, formaður Fálka, og Petra Ruth Rúnarsdóttir, sem þá var formaður Þróttar Vogum.

Eftir málþingið var boðið upp á vöfflukaffi í boði Vilko og Mjólkursamsölnunnar. Kaffið var bæði í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík og á Sauðárkróki.

Með viðburðinum vildu UMFÍ og ÍSÍ vekja athygli á ómetanlegu framlagi sjálfbodaliða til íþróttastarfsins – án þeirra væri starfið einfaldlega ekki mögulegt.

UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfbodaliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi hreyfingarinnar.

UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað 12 ungmennum á aldrinum 17 – 26 ára.

Við skipan í ráðið er horft til jafnrar aldursdreifingar, kyns og búsetu.

Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn eftir hvert Sambandsþing UMFÍ.

Hlutverk Ungmennaráðs UMFÍ er að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar í málefnum ungs fólks, framfylgja stefnu UMFÍ varðandi ungt fólk og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Á skipunartíma ráðsins fundaði það 17 sinnum, ýmist í gegnum fjarfundarbúnað eða í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa var haldin í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrútafirði dagana 12.–14. september 2025. Um hundrað ungmenni á aldrinum 15–25 ára tóku þátt í ráðstefnunni ásamt fulltrúum ungmennaráða, þingmönnum og ýmsu áhrifafólki í samfélaginu.

Á ráðstefnunni var kastljósinu beint að félagslegum tögum – ósýnilegum gildum sem myndast í samskiptum og samveru fólks, þeim sem móta sjálfmynd fólks, gera hóp að liði og samfélag að samfélagi. Markmið ráðstefnunnar var að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar, hvort sem er í stjórnnum, nefndum, dómgæslu eða viðburðahaldi og styðja við félagslega heilsu þess.

Dagskráin samanstóð af hópefli, hreyfingu og afþreyingu sem tók á öllum hliðum lýðheilsu – líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu. Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, flutti fyrirlestur um félagslega töfra og hvatti ráðstefnugesti til aukinna samskipta augliti til auglitis. Það væri lykillinn að hamingjunni. Eftir erindið fóru fram þrjár vinnusmiðjur með mismunandi yfirskriftum. Þær hétu: Förun á flug!, Lyftiduft og Áhrifahringurinn. Í þeirri síðastnefndu tóku allir þátttakendur ráðstefnunnar virkan þátt í umræðum og verkefnum.

Ráðstefnan var skipulögð af Ungmennaráði UMFÍ, sem hefur staðið að viðburðinum frá árinu 2009.

Viðburðurinn var styrktur af Erasmus+.

KAFFIHÚSASPJALL MEÐ RÁÐAFÓLKI

Á lokadegi ráðstefnunnar (sunnudeginum) fór fram kaffihúspjall þar sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að ræða við ráðherra, þingmenn og áhrifafólk á jafningjagrundvelli. Jafnframt fengu gestirnir tækifæri til þess að hlusta á skoðanir ungmennanna.

Gestirnir voru:

- Andrés Ingi Jónsson, fyrrverandi þingmaður Pírata
- Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins
- Einar Jóhannes Guðnason, fulltrúi Miðflokksins.
- Guðjón Guðmundsson, varaformaður Landsbjargar
- Ingvar Þóroddsson, þingmaður Viðreisnar
- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ
- Kristjana Björk Barðdal, framkvæmdastjóri FURA media
- María Rut Kristinsdóttir, þingmaður Viðreisnar
- Pawel Bartoszek, þingmaður Viðreisnar
- Sigurður Helgi Pálmason, þingmaður Flokks Fólksins
- Sigurþóra Steinnunn Bergsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar
- Soffía Vagnsdóttir, starfar að samfélags- og menningartengdum verkefnum



SKEMMTIFOLFMÓT

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir skemmtifolfmóti á Akranesi fyrir ungmenni fimmtudaginn 14. ágúst 2025. Mótið fór fram með svokölluðum Texas Scramble-hætti.

Á mótinu voru tveir saman í liði. Báðir köstuðu folfdiskum sínum. Þátttaka var fin. Að móti loknu var boðið upp á pítsuveislu og skelltu allir þátttakendur sér í Guðlaugu áður en haldið var aftur heim.

Þetta var í fjórða sinn sem Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir viðburði eins og folfmótinu á Akranesi.



100%

þátttakenda myndu mæla með ráðstefnunni við aðra

93%

þátttakenda fannst dagskrá ráðstefnunnar mjög góð og/eða góð

98%

þátttakenda fannst kaffihúspjallið mjög gott og/eða gott

91%

þátttakenda sögðust hafa lært eitthvað nýtt á ráðstefnunni.





VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi.

SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS

Samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs starfar sjálfstætt fyrir hreyfinguna með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Stöðugildin eru tvö og sinna þeim Eygló Ósk Gústafsdóttir, sálfræðingur, Kristín Skjaldardóttir, félagsráðgjafi, og Þóra Sigfríður Einarsdóttir, sálfræðingur og framkvæmdastjóri Domus Mentis Geðheilsustöðvar. Þær skipa saman málanefnd samskiptaráðgjafa.

Samkvæmt lögum nr. 45/2019 eru helstu verkefni samskiptaráðgjafa:

- Veita upplýsingar um atvik og misgerðir til að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum.
- Leiðbeina einstaklingum um úrræði, kvartanir til yfirvalda og þjónustu ríkis og sveitarfélaga.
- Aðstoða félög við gerð viðbragðsáætla og stuðla að samræmingu í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og önnur samtök.
- Veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Fylgjast með rannsóknnum og miðla upplýsingum til viðeigandi aðila.
- Taka saman upplýsingar um starfsemi og tilkynningar ár hvert.

TILKYNNINGAR TIL SAMSKIPTARÁÐGJAFNA 2024

	FJÖLDI
Einelti	24
Ráðgjöf	21
Andlegt ofbeldi	18
Kynbundin eða kynf. áreitni eða ofbeldi	13
Líkamlegt ofbeldi	10
Stafrænt ofbeldi	7
Annað	8
Samskiptavandi	2

Samtals 103

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Samræmd viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs kom út í nóvember 2022 og er hún verkfæri fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög til að auðvelda þeim að bregðast við atvikum og áföllum sem geta komið upp í starfi þeirra.

Áætlunin er í samræmi við lög um samskiptaráðgjafa nr. 45/2019 og stuðlar að samræmdum viðbrögðum á landsvísi í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og aðra aðila.

Haustið 2024 hófst vinna við endurskoðun og viðbætur viðbragðsáætlunarinnar. Nýjum köflum var bætt við, sem fjalla meðal annars um viðbrögð við eldsvoða, stafrænu ofbeldi, veðmálum, viðbrögðum við óvæntum atvikum, þau fjalla um samfélagsmiðla og atvik sem geta komið upp í ferðum erlendis. Jafnframt er stefnt að auknu aðgengi að áætluninni á netinu og útgáfu hennar á ensku og pólsku.

Kristín Skjaldardóttir samskiptaráðgjafi hefur umsjón með verkefninu og er Ragnheiður Sigurðardóttir fulltrúi UMFÍ í vinnuhópnum.

Viðbragðsáætlun, siðareglur, eyðublöð og fræðslu fyrir aðildarfélög er að finna á vef UMFÍ.

SIÐAREGLUR

UMFÍ starfar eftir samræmdum siðareglum Æskulýðsvettvangsins sem síðast voru uppfærðar 2021.

Mikilvægt er fyrir öll sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð. Siðareglurnar gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Gerist einstaklingur brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, hvort heldur er tímabundið eða að fullu.

SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt Íþrótt- og Æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstakling til starfa með börnum og ungmennum hjá Íþrótt- og æskulýðshreyfingunni, sem á fimm undangengnum árum hefur hlotið refsidóm í ofbeldis-, ávana- og fíkniefnamálum.

Þetta gildir jafnt um þá einstaklinga sem starfa sem launþegar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra eru hvött til þess að óska eftir samþykki starfsfólks um heimild til að leita eftir upplýsingum úr Sakaskrá ríkisins. Heimild er fyrir því að sækja gögn um viðkomandi einstakling vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3 – 5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota. Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta nú sjálf sent inn útfyllt eyðublöð beint til Sakaskrár. Ekki þarf lengur að hafa milligöngu í málinu í gegnum þjónustumiðstöð UMFÍ. UMFÍ vekur reglulega athygli á því við sambandsaðila sína að leita þessara upplýsinga.



ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

UMFÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi til að efla íþróttastarf, stuðla að inn-
gildingu og miðla reynslu áfram. Þátttakan styrkir tengslanet stjórnar, starfsfólks og
þátttakenda og veitir nýjar hugmyndir sem nýtast í þróun íþróttastarfs á Íslandi.

INNGILDING Í ÍÞRÓTTASTARFI Á LANDSVÍSU

UMFÍ hlaut styrk úr Erasmus+ til að heimsækja
Parasport DK í Danmörku, sem starfar undir
Danska íþróttasambandinu (DIF).

Ferðin var skipulögð fyrir 29 fulltrúa úr íþróttá-
hreyfingunni með það markmið að efla hæfni til að
bæta aðgengi barna og ungmenna með fatlanir að
íþróttastarfi. Þátttakendur fengu fræðslu í formi
kynninga, umræðna og heimsóknna sem veittu
dýrmæta innsýn í fjölbreyttar leiðir til inngildingar.
Ferðin styrkti jafnframt tengslanet og samstöðu
hópsins, sérstaklega meðal nýrra svæðisfulltrúa.
Verkefnið náði bæði faglegum og félagslegum
markmiðum og sýndi hvernig formlegt og óform-
legt nám getur skilað varanlegum ávinningi.

LANDSMÓT DGI

Fulltrúar UMFÍ, Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ, Ragnheiður Högnadóttir, for-
maður móta- og viðburðanefndar UMFÍ og Auður
Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ,
sóttu Landsmót DGI sem haldið var í Vingsted í
Danmörku í júlí 2025. Með þeim var einnig Sólveig
Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands
Íslands, í forföllum Ómars Braga Stefánssonar.

Markmið ferðarinnar var að efla tengsl við DGI
og sækja hugmyndir sem nýtast í starfi UMFÍ.
Heimsóknin var jafnframt undirbúningur fyrir
komu DGI Verdensholdet til Íslands á næsta ári.
Sérstaklega þótti jákvætt að hitta samstarfsaðila í
eigin persónu og eiga óformleg samskipti við aðra
þátttakendur.

RÁÐSTEFNA ISCA

Ráðstefna ISCA fór fram í Ljubljana í Slóveníu
dagana 12. - 14. nóvember 2025 undir yfir-
skriftinni Moving People. Jóhann Steinar
Ingimundarson, formaður UMFÍ, sótti ráðstefnuna
og tók þátt í vinnustofunni ABC's Mental Health.

Markmið ferðarinnar var að styrkja tengsl við
ISCA og samstarfsaðila. Á ráðstefnunni var fjallað
um jafnvægi í starfi, vernd starfsmanna og sjálf-
boðaliða og aukið mikilvægi íþróttar eldri borgara.
Samstarf UMFÍ og ISCA hefur reynst farsælt og
veitir mikilvæga innsýn í alþjóðlegt íþróttastarf.

VETRARLEIKAR SPECIAL OLYMPICS

Dagana 6.–16. mars sótti Jón Aðalsteinn
Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ, vetrar-
leika Special Olympics í Tórínó. Hann starfaði
með ljósmyndaranum Magnúsi Orra Arnarssyni
sem hluti af Unified Media Team – samstarfi
einstaklings með og án fötlunar sem vakti mikla
athygli.

Ferðin var hluti af verkefninu Allir með sem UMFÍ
og ÍSÍ standa að með Íþróttasambandi fatlaðra.
Hún veitti dýrmæta innsýn í íþróttir fatlaðra og
skipulag viðburðar með þúsundum þátttakenda,
sjálfboðaliða og fjölmiðlafólks.

SPIN-PROGRAM

Dagana 18.–21. september tók UMFÍ á móti hópi frá Eistlandi í þjálfunarferð styrktri af Erasmus+. Hópurinn kom úr SPIN-áætluninni sem notar íþróttir, einkum fótbolta, til að efla félagsfærni og sjálfstyrkingu ungmenna.

Gestirnir voru þjálfarar og leiðbeinendur sem kynntu starfsemi SPIN og fengu í staðinn innsýn í verkefni UMFÍ. Dagskráin var fjölbreytt og fól í sér heimsóknir til félaga og stofnana, sem og gagnlegt starf á skrifstofu UMFÍ.

HEIMSÓKN TIL LÝÐHÁSKÓLA

Um miðjan júlí heimsótti Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður skólabúða, lýðháskólann IHS í Sønderborg. Markmið ferðarinnar var að kynnst sumardagskrá skólans sem sameinar íþróttir, hreyfingu og persónulega þróun. UMFÍ hefur átt farsælt samstarf við IHS og fjöldi Íslendinga sótt þangað nám sem nýtist í starfi hreyfingarinnar.





MIÐLUN OG SAMSKIPTI



STARFSSKÝRSLU- KERFI ÍSÍ OG UMFÍ

Starfsskýrsluskil sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ. Skilafrestur í kerfinu er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það er enn nokkuð um að félög skili starfsskýrslum eftir að skilafresti lýkur.



Starfsskýrslur innihalda upplýsingar um félag og iðkendur á síðasta starfsskýrslutímabili, þ.e. almanaksárið á undan skiladegi, lykiltölur úr ársreikningum, lög viðkomandi félags, ársreikning fyrir síðasta starfsár og upplýsingar um stjórn og starfsfólk frá skilaárinu. Ætíð er það á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Sambandsaðilar og aðildarfélög fylla út upplýsingar um einstaklinga í stjórnnum og starfsfólk félagsins.

Hjá þeim félögum sem nota Abler í sínu daglegu starfi er hægt með auðveldum hætti að færa þær sjálfkrafa yfir í starfsskýrslu.



LÖG OG ÁRSREIKNINGAR

Í kerfinu þarf að setja lög félags og deilda í viðhengi. Einnig þarf að skila inn fjárhagsupplýsingum viðkomandi félags.



FÉLAGAR, IÐKENDUR OG IÐKANIR

Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagar og skapa grunn að félagatali í kerfinu. Ef félög halda að auki sérstakt félagatal fyrir aðra féлага (aðra en iðkendur) þarf að bæta þeim við.

Í kerfinu er hægt að taka út yfirlit um iðkendur, sem eru skráðar kennitölur. Auk þess er hægt að sjá iðkanir sem eiga við þegar iðkendur æfa fleiri en eina grein.



Kynjahlutfall í stjórnnum íþróttahéraða

51 / 49%
karlar konur



YFIRLIT SAMBANDSAÐILA

	ÍÞRÓTTAHEÐAÐ	FORMAÐUR	FRAMKVÆMDASTJÓRI	ÍBKENDUR ¹		ÍBKANIR ²		HLUTF.		FÉLAGAR ³	
				2024	2023	2024	2023	KK	KVK	2024	2022
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	Jenný Hólmsteinsdóttir		181	179	208	203	61/39		196	491
HSH	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappad.	Hjónleifur K. Hjónleifsson		1.568	1.492	2.021	1.938	62/38		2.634	2.999
HSS	Héraðssamband Ströndamanna	Erla Björk Jónsdóttir	Magnea Dröfn Hlynisdóttir	140	129	171	176	53/47		603	552
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	Sigurður Hreinsson		1.448	1.767	1.982	2.655	58/42		3.730	3.697
HSP	Héraðssamband Þingeyinga	Jón Sverrir Sigtryggsson	Gunnhildur Hinriksdóttir	1.946	1.357	3.073	1.936	60/40		3.549	4.101
HHF	Héraðssambandið Hrafnafloki	Birna Friðbjört Hannesdóttir	Ásgeir Sveinsson	209	217	275	298	61/39		578	578
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	Guðríður Aadnegard	Engilbert Olgeirsson	12.546	11.626	17.107	14.885	59/41		23.026	21.769
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	Gyða Björk Bergþórsdóttir	Heiðar Mar Björnsson	3.233	3.315	3.965	4.205	58/42		4.181	4.205
ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	Jóna Jónsdóttir	Helga Björg Ingvadóttir	6.924	6.458	9.990	8.896	60/40		10.365	10.898
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	Hrafnkell Marinósson	Elisabet Ólafsdóttir	13.509	11.833	18.918	16.337	62/38		16.720	20.559
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	Rúnar V. Arnarson		6.126	5.419	7.721	6.634	61/39		12.488	11.381
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjavíkur	Ingvar Sverrisson	Frímann Ari Ferdinandsson	38.447	35.436	48.767	44.655	61/39		76.890	58.991
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	Gunnar Jóhannesson		1.829	2.007	2.241	2.521	64/36		3.188	2.898
ÍBB	Íþróttabandalag Vestmannaeyja	Gunnar Páll Háldánsson		1.433		2.219		65/35		1.914	
ÚÍA	Ungmennna- og íþróttas. Austurlands	Benedikt Jónsson	Gunnar Gunnarsson	3.095	2.421	4.669	3.496	59/41		4.599	4.338
UDN	Ungmennna- og íþróttas. Dalam. og N Breiðf.	Jóhanna Sigrún Árnadóttir		598	258	914	404	46/54		534	976
ÚÍF	Ungmennna- og íþróttas. Fjallabyggðar	Óskar Þórðarson	Brynja Hafsteinsdóttir	639	589	847	875	59/41		1.669	1.495
USAH	Ungmennasamband Austur Húnavetninga	Snjólaug Jónsdóttir		1.333	555	1.722	757	60/40		1.862	1.781
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	Guðrún Hildur Þórðardóttir	Bjarney Bjarnadóttir	248	1.333	318	1.600	52/48		2.232	1.815
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	Þorgerður Guðmundsdóttir	Valgerður Reykjalin	1.109	997	1.613	1.541	54/46		1.899	2.018
UMSK	Ungmennasamband Kjálarnesþings	Guðmundur Sigurbegsson	Victor Ingi Olsen	33.704	31.236	47.045	41.975	57/43		78.366	51.179
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	Gunnar Þór Gestsson	Thelma Knútsdóttir	1.879	1.730	2.943	2.521	55/45		4.745	4.467
USVH	Ungmennasamband Vestur Húnavetninga	Sveinbjörn Rut Pétursdóttir	Anton Scheel Birgisson	338	333	482	427	42/58		1.280	1.264
USVS	Ungmennasamband Vestur Skautfellinga	Sunna Wiium		386	377	609	696	60/40		711	1.067
USÚ	Ungmennasambandið Úlflijótur	Bjarni Malmquist Jónsson		1.055	989	1.590	1.512	60/40		2.000	1.506
V	Ungmennafélagið Vesturhlíð	Einar K. Jónsson									
Samtals				133.923	122.053	181.410	161.143	58/42		259.959	215.025

1. Hver einstaklingur er aðeins talinn sem iðkandi einu sinni.

2. Fjöldi iðkana einstaklings í hverju félagi.

3. Meðlimur í félagi.

ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF

UMFÍ sinnir öflugu útgáfu- og kynningarstarfi. Markmið útgáfunnar er að miðla upplýsingum um starf íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar með fjölbreyttum, nútímalegum og aðgengilegum hætti.

VEFSETUR

Vefur UMFÍ er helsti upplýsingamiðill félagsins. Þar birtast reglulega fréttir, upplýsingar um sjóði og aðra gagnlegar upplýsingar sem þjónusta bæði sambandsaðila og stjórnendur félaga. Allt er það gert til að upplýsa almenning um starfsemi UMFÍ.

TÍMARITID SKINFAXI

UMFÍ gefur út Skinfaxa þrisvar á ári. Blaðið er mikilvægur upplýsingamiðill og vettvangur til að segja sögur úr starfi ungmennafélagshreyfingarinnar, miðla fræðslu og vekja athygli á nýjum verkefnum og þróun.

Markhópur Skinfaxa er breiður. Horft er til þess að efnið höfði til stjórnenda í íþróttahreyfingunni, bæði stjórnar og starfsfólks, en líka sjálfbóðaliða og almennra lesenda.

Með þessum hætti gegnir Skinfaxi lykilhlutverki við að efla tengsl innan hreyfingarinnar, miðla reynslu og góðum sögum, og halda utan um sögu og þróun ungmennafélagshreyfingarinnar á hverju ári.

Efni Skinfaxa í grófum dráttum

- Áhersla er á verkefni fram undan með kynningu á nýjum stefnumálum, viðburðum og hvatningu til félaga og sjálfbóðaliða.
- Fræðsluefni, viðtöl og greinar sem styðja við faglegt starf í hreyfingunni.
- Blaðið er vettvangur til að deila góðum dæmum um starf félaga um allt land.
- Fjallað um ýmsa viðburði og verkefni UMFÍ, Skólábúðir, Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+, Ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðheilsu, ráðstefnur og fundi.



1. TÖLUBLAÐ 2024

Þema blaðsins: Heilsuefling eldri borgara

- Leiðari: Guðmundur G. Sigurbergsson, stjórnarmaður UMFÍ.
- Landsmótið á Laugarvatni í lit.
- Risastórir sigrar hjá iðkendum með fötlun.
- Hugrún Árnadóttir: Hlaupin gefa mér mikið.
- Engin orð til að lýsa gleðinni.
- Mikilvæg störf í íþróttahreyfingunni.
- Kynjahlutfall í íþróttum.
- Skemmtilegir fundir skila sér í metþátttöku.
- Tvö ungmennafélög sameinuð í eitt.
- Fólk á öllum aldri spilar ringó á Bíldudal.
- Fjölbreytt framboð íþróttastarfs hjá Umf. Reykdæla.
- Nýjar svæðisstöðvar.
- Tala saman á blandinavísku.
- Ekki missa af viðburðum UMFÍ í sumar.
- Vett: Frábært töl fyrir minni félög.
- Borðtennishelgi á Reyðarfirði.
- Viðtal við Ásmund Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.
- Kraftur í heilsueflingu eldra fólks.
- Allir með: Fá sjokk yfir tölunum.
- Gamla myndin: Hvítbláinn afhentur í fyrsta sinn.



2. TÖLUBLAÐ 2024


Þema blaðsins: Kostnaður við íþróttaiðkun

- Leiðari: Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.
- Samanburður á frístundastyrkjum sveitarfélaga.
- Hvað kostar að æfa íþróttir?
- Fræðir þjóðina um sögu Hvítbláans.
- Sigur á Dönum alltaf sætastur.
- Sýning á verðlaunagripum á Selfossi.
- Ungt fólk blómstrar í Ungmennaráði UMFÍ: Viðtal við Kolbein Þorsteinsson.
- Mikil gleði á Unglingalandsmóti UMFÍ.
- Margir mæta í annað og þriðja sinn.
- 101 árs í línudansi á Landsmóti UMFÍ 50+.
- Stafrænum málum fjölgar hjá samskiptaráðgjafa.
- Guðni tók síðasta sprettinn sem forseti: Forsetahlaupið.
- Færir félagið inn í nútímann: Fimleikafélagið Björk.
- Allir með-leikarnir.
- Pakkfullt á ráðstefnu ungs fólks um lýðheilsu.
- Meira samstarf skilar sér í betri íþróttahreyfingu: Svæðisstöðvar íþróttahéraðanna.
- Gamla myndin: 13 ára berfætt stúlka sló Íslandsmet.

3. TÖLUBLAÐ 2024

Þema blaðsins: Fjárhagur íþróttafélaga

- Leiðari: Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar og stjórnarmaður UMFÍ.
- Fjárhagur íþróttafélaganna.
- Pétur Rúnar Heimisson: Segir markaðsmál íþróttafélaga ekki unnin af fagmennsku.
- Sumarbúðir á Reykjum í fyrsta sinn.
- Íþróttafélagið Suðri mun blómstra sem deild í Umf. Selfossi.
- Börnin læra að takast á við sigra, áföll og að tapa.
- Leita að höfundum íþróttamerkja.
- Allir með-leikarnir slógu í gegn.
- Ungmenni kusu í strætó.
- Félagasamtök mega ekki verða einsleit.
- Takk sjálfboðaliðar: Viðtöl við sjö sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni.
- Sjálfboðaliðaáfangi í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.
- Mikilvægi þess að huga að góðum samskiptum.
- Dýrmæt samvinna ÍBA og ÍBR.
- Ungmennafélagið mætir þörfum iðkenda.
- Sveinn Sampsted: Íþróttahreyfingin fyrir okkur öll.
- Gamla myndin: Kassasmíði í starfshlaupi UMFÍ.



1. TÖLUBLAÐ 2025

Þema blaðsins: Sjálfböðaliðar.

- Leiðari: Gunnar Gunnarsson, stjórnarmaður í UMFÍ.
- Nám um störf sjálfböðaliða langt á veg komið.
- Stjórnir sambandsaðila UMFÍ og aðildarféлага í tölum.
- Vilja auka réttaröryggi sjálfböðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- Skólabúðalag vekur athygli á Reykjum.
- Varðveitti UMFÍ-jakka í rúm 40 ár.
- Heimsleikar Special Olympics í hnotskurn.
- Árangurinn hvílir allur á starfi yngri flokka.
- Börn tóku skóflustungu að nýju íþróttahúsi í Borgarnesi.
- Hver króna verður að fjórum í íþróttum.
- 20 milljónum króna úthlutað úr Hvatasjóði.
- Konur og íþróttir: Baráttudagur kvenna.
- Hvað er að fréttu: „Við erum spennt fyrir UMFÍ“ - Gunnar Páll Hálfðánsson hjá ÍBV.
- Birgir Már Bragason: Viðsnúningur hjá Keflavík.
- Ólöf María Guðmundsdóttir: Besta ákvörðunin að fara í lýðháskóla.
- Gamla myndin: Fjölbreytt afþreying í sumarþúðum á Reykjum.

FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ eru töluverð. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarféлага og hagsmunaaðila með reglulegum hætti. Í fréttabréfi er fjallað um fréttir af UMFÍ. Frá október 2024 og til loka september 2025 voru send út tæplega 100 fréttabréf til sambandsaðila, almennra áskrifenda og þátttakenda á mótum og viðburðum UMFÍ.

GÖNGUBÓK

Göngubók UMFÍ var gefin út sumarið 2025. Bókin er lifandi verkefni sem tekið er til endurskoðunar á hverju ári. Við slíka yfirferð er gönguleiðum annaðhvort fjölgað, fækkað, þær endurbættar eða breyttar. Oftast eru gönguleiðir gerðar skýrari, ítarlegri og færðar til betri vegar. Í útgáfunni sumarið 2025 voru 277 gönguleiðir, þar af með ítarlegum lýsingum á 20 leiðum og 32 styttri og léttari sem henta vel fyrir alla fjölskylduna.

SÉRBLÖÐ VEGNA MÓTA

Í sumar voru gefin út tvö sértæk mótsblöð, annars vegar fyrir Landsmót UMFÍ 50+ og hins vegar fyrir Unglingalandsmót UMFÍ. Hlutverk blaðanna er meðal annars að veita samstarfs- og styrktaraðilum vettvang fyrir auglýsingar. Í þeim má einnig finna ávarp frá fulltrúum UMFÍ og mótshöldurum eða sveitastjóra viðkomandi sveitarfélags, dagskrá viðburðar, stutta kynningu á mótum og fleira áhugavert tengt viðburðunum.

Skínfaxi hefur komið út samfleytt síðan 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnaverunnar Dags sem ók um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

MÁL SVARI HREYFINGARINNAR

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um ýmis frumvörp á mismunandi stigum. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi við umgjörð íþróttar- og æskulýðsmála. Álit UMFÍ hafa haft áhrif á lög og reglugerðir.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um bann við veðmálastarfsemi í tengslum við íþróttakappleiki ósjálfráða ungmenna og skipulagningu hennar.

24. október 2024. UMFÍ hvetur stjórnvöld til þess að taka á máli erlendra veðmálafyrirtækja með heildstæðum hætti og tryggja að þeim lögum sem í landinu gildi sé fylgt eftir. Besta ráðið til að vernda börn gegn áhrifum veðmála er að stíga fastar til jarðar og setja erlendum fyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar.

Reykjavíkurborg: Umsögn um málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði.

22. nóvember 2024. UMFÍ barst ósk um umsögn um 11. grein málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Greinin fjallar um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði. Bent á að samþykkt var á sambandsráðsfundi UMFÍ að fela stjórn UMFÍ að skipa starfshóp, sem fjalli um sölu áfengis á íþróttaviðburðum og skoði hvernig hagsmuna barna og ungmenna sé best gætt. Starfshópurinn skili af sér tillögum á sambandsþingi UMFÍ 2025.

Mennta- og barnamálaráðherra: Tillaga til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035.

11. mars 2025. UMFÍ styður innleiðingu farsældar barna með áherslu á mikilvægi skipulags íþróttar- og æskulýðsstarfs. Rannsóknir sýna að börn sem stunda íþróttir njóta betri líkamlegrar og andlegrar heilsu, auk meiri vellíðan. Svæðisstöðvar UMFÍ og ÍSÍ hafa greint stöðuna á landsvísi og vinna að aðgerðum sem stuðla að aukinni þátttöku, sérstaklega meðal barna í jaðarsettum hópum.

Félags- og húsnæðismálaráðherra: Umsögn um drög að reglugerð um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.

27. maí 2025. UMFÍ styður verkefni og reglugerðir sem tryggja börnum og ungmennum, þar á meðal börnum með fötlun, jöfn tækifæri til þátttöku í íþróttum og frístundum. Skipulagt íþróttastarf skilar mælanlegum ávinningi fyrir líðan, heilsu og félagslega þátttöku barna. Verkefni eins og Allir með styðja við þessa stefnu á landsvísi.

Mennta- og barnamálaráðherra: Umsögn við áform um tillögu til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026-2030 (mál nr. S-81/2025).

31. maí 2025. UMFÍ leggur til að netnámskeið Æskulýðsvettvangsins verði nýtt sem grunnur í fræðslu fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum, Abler-skilaskýrslukerfið verði styrkt og þróað áfram sem miðlæg gátt fyrir skráningu á fræðslu, sakavottorðum og öðrum skyldum upplýsingum og starf samskiptaráðgjafa verði styrkt og viðbragðsáætlun haldið á lofti sem lykilverkfæri í forvarnarstarfi.

RÆÐUR OG GREINASKRIF

UMFÍ leggur áherslu á að þróa verkefni og vettvang sem mæta þörfum landsmanna og hvetja til virkrar þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi að fjölbreyttri hreyfingu og geti tekið fullan þátt í samfélaginu.

Samvinna og þróun íþróttahreyfingarinnar

15. mars 2025. „Það er því ánægjulegt að það hafa verið meiri breytingar á hreyfingunni að undanförmu heldur en á undanförmum áratugum og ÍSÍ og UMFÍ hafa aldrei áður gengið betur í takt og jafnvel leyfi ég mér að segja að við erum byrjuð að spila sem lið á vellinum, íþróttahreyfingunni allri til hagsbóta.“

– Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ávarp á ársþingi KKÍ.

Samvinna og tækifæri fyrir alla í íþróttahreyfingunni

26. apríl 2025. „Frá því að þjónustumiðstöð UMFÍ flutti í íþróttamiðstöðina jókst samstarf okkar verulega við ýmis sérsambönd. Verkefni ÍF fara mjög vel saman við áherslu UMFÍ á þátttöku allra og þá hafa tvö af þeim gildum sem við störfum eftir, gleði og samvinna, verið í forgrunni þeirra verkefna sem við höfum unnið saman að.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarp á 22. sambandsþingi Íþróttasambands fatlaðra.*

Samstarf, traust og ný tækifæri í íþróttum

16. maí 2025. „En breytingar, samstarf og samvinna ganga auðvitað ekki alltaf átakalaust fyrir sig. Algengt er að í slíkri vinnu séu farin tvö skref áfram og eitt afturábak. Það er raunin í okkar vinnu eins og hjá öðrum. En með hverju skrefi fram á við batnar umgjörð íþróttastarfs á Íslandi. Hluti af þessari vegferð birtist í auknu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ. Ég fullyrði að samvinna okkar á milli hefur aldrei verið meiri en á síðustu tveimur árum. Vissulega heyrum við gagnrýnisraddir á þessa vegferð. Og það er vel, enda á íþróttahreyfingin að búa til þá umgjörð að fólk geti tjáð hug sinn.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu 77. Íþróttþings ÍSÍ.*

Styrkjum samfélagið í kringum okkur

27. júní 2025. „Hreyfing og þátttaka spyr ekki um aldur. Hér er enginn of gamall til að keppa. Enginn of seint á ferð til að byrja að hreyfa sig og taka þátt. Hér er vettvangur fyrir alla til að taka þátt á sínum forsendum. Við vitum öll að heilsa og vellíðan eru ekki sjálfsögð. En með hverri æfingu, hverju brosi og hverri mætingu á viðburði eins og þennan bætum við ekki aðeins okkar eigið líf – heldur styrkjum við samfélagið í kringum okkur. Þið sýnið að hreyfing bætir ekki aðeins líkamann heldur líka lífsgæðin – að árum sé ekki aðeins bætt við lífið, heldur lífi við árin.“

– *Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdanefndar UMFÍ, við setningu Landsmóts UMFÍ 50+ í Fjallabyggð.*

Töfrar Unglingalandsmóts

1. ágúst 2025. „Unglingalandsmótið hefur alltaf verið meira en bara keppni. Hér ríkir andi samveru, gleði og virðingar. Þó við keppum á vellinum þá gerist það dýrmætasta utan hans: Hér myndast vinátta, við lærum hvert af öðru og við sköpum minningar sem fylgja okkur alla ævi. Í þessu felast töfrar mótsins. Við vitum að íþróttir skipta máli. Þær styrkja sjálfstraust, efla félagsfærni og kenna okkur að vinna saman, setja markmið og takast á við mótlæti. Niðurstöður kannana, sem UMFÍ og ÍSÍ hafa staðið fyrir um árabil, sýna að börn og ungmenni sem taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi líður betur – bæði líkamlega og andlega. Það er engin tilviljun – því íþróttir eru töfrum líkar.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ.*

Töfrar sem urðu að veruleika

3. ágúst 2025. „En það sem stendur upp úr er samveran – augnablikin með þeim sem okkur þykir vænst um, brosin, hláturinn og hlýjan sem fyllti mótssvæðið. Það er hinn sanni galdur Unglingalandsmótsins. Þessar minningar lifa áfram – í sögum sem við segjum, rétt eins og þegar töframaður sýnir listir sínar og skilur eftir undrun og gleði. Við skulum halda áfram að skapa rými þar sem gleðin fær að blómstra – á heilbrigðum forsendum, í leik og starfi, þar sem allir fá að njóta og taka þátt. Þannig göldrum við fram það jákvæða í lífinu – saman.“

– *Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við slit Unglingalandsmóts UMFÍ.*

MIÐLÆG ÞJÓNUSTA

Miðlæg þjónusta UMFÍ styður sambandsaðila með nútímalegum lausnum sem einfalda stjórnun og miðlun upplýsinga. Með kerfum á borð við Abler, Filecamp, Frontify og OneDrive verður hægt að auka aðgengi að skilvirkum verkfærum sem styrkja starf og samvinnu.

ABLER

UMFÍ og ÍSÍ hafa gengið frá samningi við fyrirtækið Abler um þróun á mælaborði og gögnum um starfsemi aðildarfélaga samtakanna. Einnig verður aðgengi fyrir lítil félög innifalin í samningunum ásamt því að aðildarfélögum verður gert kleift að fylgjast með lögbundnum kröfum varðandi sakavottorð og námskeið. Innleiðing er hafin og er áætlað að henni ljúki árið 2026.

UMFÍ hefur einnig notað skráningakerfi Abler fyrir mótahald UMFÍ undanfarin ár. Þátttakendur móta UMFÍ keyptu aðgang að mótunum í gegnum skráningarforritið ásamt því að skrá sig í greinar. Um hefur verið að ræða séraðlaganir frá því sem fyrir var í kerfinu. Skráningarkerfið hefur einfaldað þátttakendum að skrá sig á viðburði og fylgjast með dagskrá móta. Með sama hætti er starfsfólki UMFÍ kleift að halda utan um skráningu á viðburð og fylgjast með ef einhverjar breytingar verða á.

GAGNAGRUNNUR FYRIR MYNDIR

Filecamp er stafrænn og miðlægur geymslu- og miðlunarvettvangur sem UMFÍ nýtir til að safna, geyma og stýra myndefni og öðru hönnunarefni. Með því að hafa efnið á einum stað í skýinu (óháð staðsetningu) er það aðgengilegt starfsfólki og samstarfsaðilum. Lausnin einfaldar samvinnu, bætir yfirsýn og gerir miðlun skilvirkari. Einnig er hægt að deila völdu efni með öðrum einstaklingum eftir þörfum. Sambandsaðilum UMFÍ hefur verið boðinn aðgangur að Filecamp fyrir varðveislu á efni þeirra.


VÖRUMERKJAHÚS

Frontify er vettvangur sem styður við miðlun og viðhald vörumerkis. Í Frontify er hægt að safna saman, útbúa og deila kynningarefni með markvissum hætti. Þau hafa aðgang að efninu sem á þurfa að halda og geta unnið með það eftir ákveðnum stöðlum. Með þessu verður allt útgefið efni UMFÍ, samstarfsaðila og þeirra sem vilja nýta sér Frontify, samræmdara en áður. Markviss notkun styrkir jafnframt vörumerkjanotkun viðkomandi. UMFÍ er að ljúka innleiðingu á kerfinu hjá sér og í framhaldinu verður sambandsaðilum boðinn aðgangur.

SKJALAVISTUN

OneDrive er skýjalausn frá Microsoft sem UMFÍ nýtir til að geyma, samræma og deila gögnum á öruggan hátt. Með OneDrive hafa starfsmenn aðgang að skjölum hvar og hvenær sem er, geta unnið saman í rauntíma og deilt efni með samstarfsaðilum á einfaldan og skilvirkan hátt. Sambandsaðilum stendur til boða að fá aðgang.

UMFÍ útvegar verkfæri sem gera gott starf enn betra.



FUNDIR OG SAMSKIPTI

UMFÍ hvetur til faglegra vinnubragða, gagnsæis og rekjanlegrar ákvarðanatöku. UMFÍ stuðlar að virku samráði og lýðræðislegum vinnubrögðum svo sambandsaðilar hafi vettvang til að tjá sig.

SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ

45. Sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram á Hótel Varmalandi í Borgarbyggð 12. október 2024. Á fundinn mættu tæplega fjórutíu fulltrúar íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar af landinu öllu sem aðild eiga að UMFÍ.

Kvöldið fyrir fundinn bauð UMFÍ þátttakendum til kvöldverðar á Hótel Varmalandi. Hann sátu, auk fulltrúa sambandsaðila, sveitastjóri Borgarbyggðar, stjórn UMSB, fulltrúar svæðisstöðva íþróttahéraðanna, og verkefnastjóri þeirra. Daginn eftir hófst svo sambandsráðsfundurinn. Fjölmíðlamaðurinn og Ólsarinn Gunnar Sigurðarson var kosinn fundarstjóri og Sigurður Óskar Jónsson (UMFÍ/USÚ) kosinn fundarritari.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti Sambandsráðsfundinn og bauð alla gestina velkomna að Varmalandi. Sérstaklega bauð hann fulltrúa frá Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar (ÍRB) og Íþróttabandalagi Suðurnesja (ÍS) velkomna í hópinn en þau tvö íþróttahéruð bættust í raðir UMFÍ á árinu. „Með innkomu þeirra breyttist í raun heilmargt,“ sagði hann. „Í stuttu máli má segja að félög sem voru með beina aðild að UMFÍ færðust undir héruð sín. Við það eru öll félög á Reykjanesi orðin aðilar að ungmennafélags-hreyfingunni. Hreyfingin hefur stækkað mikið á síðustu árum og vettvangur okkar er orðinn gríðarlega víðfeðmur og öflugur. Það skiptir okkur miklu máli, af því að saman erum við sterkari,“ sagði Jóhann Steinar í upphafi á ávarpi sínu.

Jóhann Steinar hélt áfram: „Þessar breytingar eru hluti af þeirri vegferð sem við hófum fyrir nokkuð löngu síðan en staðfestum svo fyrir ári þegar íþróttahreyfingin samþykkti samhljóða á þingum UMFÍ og ÍSÍ að gera breytingar á lottógreiðslum. Breytingin grundvallast á því að við öll innan íþróttahreyfingarinnar sitjum við sama borð þegar kemur að útteilingu hlutdeildar í ábata af rekstri Íslenskrar getspár. Þær breytingar leystu úr læðingi mögulega þróun sem áður hafði verið í spennitreyju stöðunar. Árangurinn af þessari ákvörðun er því þegar farinn að koma í ljós,“ sagði hann og benti á að stærsta verkefni umræddrar vegferðar fram undan væri áframhaldandi vinna svæðisstöðva íþróttahéraðanna. Nýta þurfi tækifærin sem þau bjóði upp á. „Tilgangurinn er að þær styðji íþróttahéruðin í því markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna af erlendum uppruna. Með þessu fyrirkomulagi má ná markmiðum sem stjórnvöld hafa sett með lögum um farsæld barna, íþróttalögum, íþróttastefnu ríkisins og byggðaáætlun,“ sagði Jóhann Steinar.

Hann fór yfir mikilvægi þess að íþróttahreyfingin sammælist um það hvaða markmið eru sett á oddinn og á hvaða hátt hægt sé að nýta svæðisstöðvar til að koma sameiginlegum boðskap á framfæri. Jóhann Steinar fór yfir það annasama ár sem var að baki, þær ráðstefnur, íþróttaviðburði, útgáfu Skinfaxa og móttöku um 4.000 nemenda í Skólabúðir UMFÍ.

Í lokin sagðist hann hlakka til að heyra sjónarmið fundargesta, fá tillögur um það sem betur megi fara og heyra það sem liggur þeim á hjarta.

HVATNINGARVERÐLAUN

Premur félögum voru veitt Hvatningarverðlaun UMFÍ. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, afhentu verðlaunin.

Hvatningarverðlaun UMFÍ 2024 hlutu:

- Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) fyrir verkefni félagsmanna Íþróttafélagsins Vestra um karlahreysti, eftirtektarvert- og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.
- Héraðssamband Ströndamanna (HSS) fyrir eftirtektarvert og óeigingjarnt starf Skíðafélags Ströndamanna og uppbyggingu aðstöðu þess.
- Íþróttabandalag Suðurnesja (ÍS) fyrir óeigingjarnt starf Ungmennafélags Grindavíkur í þágu samfélagsins í tengslum við eldsumbrot og starfsemi félagsins.

KYNNING Á STÖRFUM NEFNDNA

Formenn og starfsfólk nefnda kynntu störf þeirra og voru eftir það almennar umræður um kynningarnar. Ragnheiður Högnadóttir, formaður móta- og viðburðanefndar UMFÍ, sagði frá helstu mótum og viðburðum UMFÍ. Guðmundur G. Sigurbergsson, formaður fjárhags- og greiningarnefndar UMFÍ, fór yfir núgildandi íþróttalög og fyrirhugaðar breytingar. Hann kynnti einnig fjögur áhersluatriði sem stjórn hefur tekið saman og send yrðu á ráðherra íþróttamála. Í kjölfar umræðna þakkaði fundarstjóri fyrir sig og gaf Jóhanni Steinari, formanni UMFÍ, orðið. Hann þakkaði fyrir góð störf og sleit fundi.

VORFUNDUR

Vorfundur er óformlegur samráðsvettvangur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman. Fundurinn er ekki lögbundinn samkvæmt reglum UMFÍ. Í áranna rás hefur myndast hefð fyrir fundinum.

Vorfundur UMFÍ fór fram á Reykjum í Hrútafirði laugardaginn 10. maí 2025. Kvöldið áður bauð UMFÍ til kvöldverðar á Reykjum ásamt fjörefli og samveru þátttakenda. Morguninn eftir hófst fundurinn.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, hóf fundinn með því að bjóða gesti velkomna með stuttu ávarpi. Að því loknu fór Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, yfir starfsemi UMFÍ. Fulltrúar HSS og HSV lögðu fram tillögur sem afgreiddar voru á fundinum.

Eftir kynningar tóku fulltrúar svæðisstöðva íþróttahéraðanna við, kynntu starf sitt og verkefni framundan.

Eftir hádegishlé tók við fyrirlestur um liðsheild á vegum mennta- og þjálfunarfyrirtækisins KVAN.

Fundinum lauk í umræðuhópum þar sem tekin voru til umfjöllunar nokkur mikilvæg málefni. Hóparnir skiluðu að þeim loknum minnispunktum frá umræðuhópum fyrir áframhaldandi vinnu. Til umræðu voru meðal annars ferðakostnaður, níkótínnotkun, samstarf UMFÍ og ÍSÍ, lítill íþróttahéruð og ársþing UMFÍ.

Þátttakan á fundinum var góð en um 40 einstaklingar víðs vegar af landinu mættu á hann. Að fundi loknum fengu þátttakendur senda rafræna könnun þar sem fundurinn var metinn. Niðurstöður hennar sýndu meðal annars að 90% þátttakenda telja vorfundi UMFÍ nýttast sambandsaðilum og voru þátttakendur ánægðir með fundinn, hópeflið og samveruna.

STJÓRNARFUNDIR

Á starfstímabilinu 2023-2025 hélt stjórn UMFÍ alls 19 fundi. Fundirnir voru haldnir á ýmsum stöðum víðs vegar um landið. Meðal annars á Varmalandi, í Reykjavík, á Selfossi, á Reykjum í Hrútafirði, í Borgarnesi, á Vogum á Vatnsleysuströnd og á Hótel Geysi í Haukadal. Auk þess voru haldnir átta fundir með fjarfundabúnaði.

FUNDIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alls voru haldnir 29 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabilinu 2023 – 2025.

NEFNDARFUNDIR

Alls voru haldnir 108 fundir hjá nefndum UMFÍ á starfstímabilinu 2023 – 2025. Flestir funda fóru fram með fjarfundabúnaði.

- Fjárhags- og greininganefnd, 11
- Laganefnd, 5
- Móta- og viðburðanefnd, 9
- Fræðslunefnd, 5
- Úthlutunarnefnd sjóða, 8
- Skólabúðanefnd, 4
- Ungmennaráð, 17
- Útgáfu- og kynninganefnd, 9
- Unglingalandsmótsnefnd 2025, 16
- Upplýsingatækninefnd, 12
- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ 2025, 11
- Þrastaskógarnefnd, 1

HEIMSÓKNIR TIL SAMBANDSAÐILA

Fulltrúar stjórnar og starfsfólks UMFÍ hafa heimsótt sambandsaðila á starfstímabili stjórnar. Um er að ræða heimsóknir í tengslum við aðal- og ársfundi sambandsaðila. Önnur tilefni til heimsókna voru stórafmæli, vígsla íþróttamannvirkja og ýmislegt fleira.



SAMSTARFSADILAR

UMFÍ tilnefnir reglulega í ýmsa starfshópa, vinnuhópa og nefndir á vegum stjórnvalda og annarra félagasamtaka. UMFÍ á jafnframt aðild og samskipti við erlend félagasamtök.

STARFSHÓPAR

ÍPRÓTTANEFND RÍKISINS

Hlutverk nefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum og leggja fram tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála og úthluta úr Íþróttasjóði.

Íþróttanefnd starfar skv. 4. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998. Fulltrúar UMFÍ eru Haukur Valtýsson og Ragnheiður Högnadóttir er varamaður.

ÆSKULÝÐSRÁÐ

Hlutverk Æskulýðsráðs á samkvæmt Æskulýðslögum að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.

Æskulýðsráð á að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi, leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Jafnframt efnir Æskulýðsráð til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, tekur þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra, stuðlar að þjálfun og menntun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfbóðaliða og sinnir öðrum verkefnum sem ráðherra felur því. Fulltrúi UMFÍ er Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ.

EFLING ALMENNINGSÍPRÓTTA

Starfshópur á vegum mennta- og barnamála-ráðherra skilaði í október 2024 sjö tillögum um hvernig efla megi almenningsíþróttastarf. Hópurinn var skipaður í mars 2023 og var hlutverk hans að meta markmið og árangur gildandi stefna og áætlana á sviði íþróttar. Þá átti hann að skoða hvaða ráðstafanir íþróttafélög gætu gripið til til að halda fólki lengur í íþróttum og virkja eldri aldurshópa.

Starfshópnum var jafnframt falið að skilgreina hvaða þætti þyrfti að efla í almenningsíþróttastarf og hvernig það yrði best gert.

Guðmunda Ólafsdóttir sat í starfshópnum fyrir hönd UMFÍ.

STARF SJÁLFBÓÐALIÐA

Eftir 76. Íþróttaping ÍSÍ árið 2023 var skipaður sameiginlegur vinnuhópur UMFÍ og ÍSÍ til að skoða stöðu og starfsumhverfi sjálfbóðaliða innan íþróttahreyfingarinnar. Markmið hópsins var að efla fræðslu um verkefni sjálfbóðaliða, móta verkferla sem auðvelda störfin og hvetja til jákvæðs og aðlaðandi starfsumhverfis.

Hópurinn sendi út könnun til sjálfbóðaliða, íþróttafélaga, héraða og sérsambanda og bærust yfir 300 svör víðs vegar af landinu. Í framhaldinu vann hópurinn skýrslu sem var kynnt fyrst á formannafundi ÍSÍ 2024.

Í vinnuhópnum sátu fyrir hönd UMFÍ Rakel Másdóttir og Málfríður Sigurhansdóttir, ásamt Auði Ingu Þorsteinsdóttur, sem var starfsmaður hópsins fyrir hönd UMFÍ.

MANNRÉTTINDI BARNNA Á ÍSLANDI

UMFÍ er í hópi níu félagasamtaka sem unnu að saman að gerð skýrslu um stöðu mannréttinda barna á Íslandi fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Nokkur ár eru síðan skýrslunni var skilað. Hópurinn hefur haldið tengslum eftir það. Á meðal verkefna hópsins var að mynda hóp talsmanna barna á Alþingi. Hópin mynda þingmenn nokkurra flokka sem ætla að hafa málefni barna í fyrirrúmi.

Fulltrúar UMFÍ eru Elísabet Hrund Salvarsdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

HÁSKÓLA- OG FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

ÍÞRÓTTAFRÆÐIDEILD HR

UMFÍ tók í fyrsta sinn þátt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um styrkt meistaranáms-verkefni á sviði íþróttavísinda. Árlega býður HR upp á slíkar stöður sem gefa nemendum tækifæri til að vinna lokaverkefni sitt í samstarfi við félagasamtök.

Samið var um að Emilía Halldórsdóttir, meistaranemi í íþróttavísindum, sinni lokaverkefni sínu í samstarfi við UMFÍ. Verkefnið fjallar um störf sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni og miðar að því að auka skilning á mikilvægi og áhrifum þeirra.

Með verkefninu verður gerð þarfagreining á menntun og fræðslu fyrir sjálfbóðaliða, núverandi efni rýnt og unnið að þróun framtíðarkennsluefnis fyrir hreyfinguna.

ÍSLENSKAR ÆSKULÝÐSRANNSÓKNIR


Frá árinu 2012 hafa Rannsóknir og greining unnið að Ánægjuvuginni fyrir UMFÍ og ÍSÍ. Undanfarin ár hefur slík rannsókn ekki verið birt, en til stendur að sambærilegar niðurstöður verði framvegis teknar úr Íslenskum æskulýðsrannsóknum á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands.

UMFÍ og ÍSÍ hafa átt fundi með forsvarsfólki rannsóknarinnar til að tryggja áframhaldandi miðlun og nýtingu gagnanna.

VETTvangsnám Nemenda

Kamilla Brynjarsdóttir og Tómas Orri Róbertsson, nemendur á öðru ári í íþróttافرæði við Háskólann í Reykjavík, voru í þriggja vikna vettvangsnámi í þjónustumiðstöð UMFÍ á vormánuðum.

Þau Kamilla og Tómas unnu að ýmsum verkefnum. Á meðal þess helsta var kortlagning á niðurgreiðslu æfingagjalda hjá íþróttafélögum og kostnað íþróttafélaga við niðurfellinguna. Þau settu upp alla skráningu fyrir Landsmót UMFÍ 50+ og sóttu ýmsa viðburði, m.a. opnun Afreksmiðstöðvar, Norðurlandamót í boccía, aðalfund Æskulýðs-vettvangsins og fleira.



FÉLAGASAMTÖK, STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Starfsfólk UMFÍ vinnur mikið og náið með starfsfólki Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Samstarfið er af ýmsum toga, allt frá samvinnu við sameiginleg verkefni, miðlun reynslu og þekkingar og samtali við stjórnvöld um sameiginlega hagsmuni íþróttahreyfingarinnar. Eftir flutning UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal hafa samlegðaráhrif og samskipti samtakanna aukist mikið.

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann hefur starfað frá 2007 og þjónustar aðildarfélög með fræðslu og forvörnum, m.a. um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun. ÆV hefur þróað ýmis verkfæri fyrir félög sem starfa með börnum og ungmennum, þar á meðal gjaldfrjálst netnámskeið um barnavernd sem eykur þekkingu á ofbeldi, áreitni og afleiðingum þess. Starfsmaður ÆV er Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, situr í ráðgjafahópi vettvangsins.

ALMANNAHEILL

UMFÍ var einn af stofnaðilum Almannaheilla, samtökum þriðja geirans. Almannaheill var stofnað árið 2008. Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannabágu, vinna að sem hagfelldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og koma fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

RANNSÓKNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

Rannís styrkir fjölmörg verkefni á sviði æskulýðsstarfs og íþróttta. Evrópusambandsáætlunin Erasmus+ býður einnig upp á margvíslega styrkjamöguleika sem UMFÍ hefur nýtt sér oft, meðal annars til ferðalaga sambandsaðila til Norðurlanda, stefnumótunarvinnu og ungmenneráðstefnunnar Ungt fólk og lýðheilsa.

Vorið 2023 sótti UMFÍ um gæðavottun (Quality Label) hjá European Solidarity Corps, sem veitir tækifæri til að taka á móti erlendum sjálfbodaðliðum. Vottunin var samþykkt í september og gildir til ársins 2027.

Á árinu fékk UMFÍ styrk frá Rannís fyrir ráðstefnu ungmennaráðs. Sömmuleiðis sótti UMFÍ um Erasmus-aðild, sem opnar einfaldari leið að frekari styrkjamöguleikum innan styrkjaáætlunar Evrópusambandsins á sviði náms og þjálfunar.

// Íþróttahreyfingin hefur stigið stór framfaraskref á undanförunum árum og þær framfarir endurspeglast í meiri samvinnu innan hreyfingarinnar. Samstarfið við ÍSÍ hefur verið lykilþáttur í þeirri þróun.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, 19. maí 2025

ERLEND SAMSKIPTI

DGI

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Fulltrúar starfsmanna og stjórnar UMFÍ tóku þátt í Landsmóti DGI í Vingsted í Danmörku í júlí árið 2025. Markmið heim-sóknarinnar var að efla og viðhalda tengslum við DGI og sækja mótið til að fá hugmyndir sem nýtast við mótahald UMFÍ.

ISCA

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA), sem eru grasrótarsamtök um almenningsíþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ hefur tekið þátt í mörgum verkefnum með ISCA og nýverið voru umsóknir um enn fleiri verkefni staðfestar.

Aðalfundur samtakanna fer fram í Kaupmannahöfn í október 2025 samhliða MOVE Congress, sem er alþjóðleg ráðstefna samtakanna sem einbeitt sér að hreyfingu og bættri heilsu fyrir alla. Á ráðstefnuna fara fulltrúar UMFÍ, bæði úr stjórn og starfsmannahópi.

HØJSKOLENS HUS

UMFÍ og Højskolernes Hus (HH) í Kaupmannahöfn eru með samstarfssamning um verkefni tengd námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. HH heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og er námsframboðið fjölbreytt.

Vorið 2025 fengu 36 ungmenni styrk frá UMFÍ til lýðháskóladvalar sem er aukinn fjöldi miðað við fyrri ár. Úthlutun fyrir haustönn 2025 er í vinnslu.

NORD UNG

Nordisk Ungdomsorganisation, (NordUng, var áður stytt sem NSU) eru samtök æskulýðsfélaga á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Á meðal verkefna samtakanna eru ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur.

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður ungmennaráðs UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna.



**SJÁLF
BOÐA
LIÐ**

REKSTUR

BURÐARÁSAR Í FJÁRMÖGNUN ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS

Eigendur Íslenskrar getspár eru stærstu og öflugustu fjöldahreyfingar íslensks samfélags, Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Frá stofnun Getspár 1986 hafa eigendur fengið um 63 milljarða króna, uppreiknað miðað við vísitölu, í arðgreiðslur frá Getspá. Þetta eru fjármunir sem hafa mikla þýðingu fyrir rekstur og uppbyggingu innviða og almenna starfsemi eigenda Getspár.



Árið 2024 var gott rekstrarár hjá Íslenskri getspá, það besta ef miðað er við veltu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að við vorum frekar óheppin, ef svo má segja, með pottana í Lotto 5/42 því að í 24 skipti var einfaldur pottur. Á móti kom að sala í EuroJackpot hélt áfram að vaxa og er EuroJackpot nú stærsti söluleikurinn. Stöðugleiki í sölu og rekstri fyrirtækisins hefur verið mjög góður undanfarin ár. Þetta er nefnt hér sérstaklega vegna þess að rekstur sem þessi er almennt ekki svona stöðugur. Lottópottar hvernar viku lifa sjálfstæðu lífi, ef svo má segja, því að enginn veit hvort að þeir gangi út eður ei. En með öflugu kostnaðareftirliti og lifandi markaðsstarfi hefur tekist að halda rekstrinum stöðugum.

Starfsemi Íslenskrar getspár er afar mikilvæg í þágu eigenda félagsins og fyrir hina fjölbreyttu og mikilvægu samfélagsstarfsemi sem Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, ÖBÍ réttindasamtök og Ungmennafélag Íslands standa fyrir. Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum um 63 milljörðum króna frá árinu 1986, uppreiknað til verðlags í dag. Þetta er mikið fé sem svo sannarlega hefur stutt við þróttmikið íþróttta- og æskulýðsstarf sem og í þágu samtaka fatlaðs fólks hér á landi.

Að sama skapi var rekstrarár Íslenskra getrauna það besta til þessa með tæplega þriggja milljarða króna veltu og stórauðnum framlögum til íþróttahreyfingarinnar. Áfram störfum við í erfiðu rekstrarumhverfi þar sem yfirvöld láta erlenda ólöglega spilun óáreitta á sama tíma sem fjölmargar Evrópuþjóðir hafa hert verulega á eftirliti með slíkri starfsemi, jafnvel lokað fyrir möguleika á að kaupa leiki þeirra. Tugir milljarða króna renna úr landi til fyrirtækja sem hafa engar samfélagslegar skyldur á Íslandi. Íslenskar rannsóknir Dr. Daníels Ólasonar, sýna að spilavandi og spilafíkn tengjast verulega marktækri spilun í spilakössum og spilun á erlendum veðmálasíðum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna er Stefán Konráðsson.

Árið 2024 var besta rekstrarár Íslenskrar getspár frá upphafi, bæði hvað varðar veltu og stöðugleika.



FRAMLÖG Í ÞÁGU SAMBANDSAÐILA UMFÍ

UMFÍ á 13,33% í Íslenskri getspá og 20% í Íslenskum getraunum.

UMFÍ fékk rétt rúmar 344 m.kr. greiddar frá Íslenskri getspá árið 2024. Sama ár tók stjórn Getspár ákvörðun um aukagreiðslu upp á 500 m.kr. til eignaraðilanna, það er til ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ vegna góðrar niðurstöðu í rekstrinum.

Hlutur UMFÍ í þeirri greiðslu nam tæpum 66,7 m.kr. Upphæðin var greidd út til sambandsaðila UMFÍ samkvæmt reglugerð um lottó.

UMFÍ fékk greiddar 8 m.kr. frá Íslenskum getraunum en greiðslur til íþróttahéraða og félaga koma ekki til UMFÍ. Þess í stað fara þær beint frá Getraunum til íþróttahéraðanna.

325 milljónir

Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 39,2 m.kr. úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ 2024

2,9 milljarðar

Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila 2024

66,7 milljónir

Hlutdeild UMFÍ í aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2024

500 milljónir

Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2024

13,33%

Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá
46,67% Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands
40,00% Öryrkjabandalag Íslands

LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

Reglugerð um lottó var breytt á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal, sem haldið var í október 2023. Breytingar á reglugerðinni tóku gildi í júlí 2024 samkvæmt ákvörðun stjórnar UMFÍ og ÍSÍ.

LOTTÓREGLUR

NÝ REGLUGERÐ

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

- 15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

III. Regla vegna skiptingar til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisskrifstofa er ekki háð skilyrðum.

IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hlutur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum 18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

V. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Fyrirvari

Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga nr. 86/2021. Fram til þess tíma gilda áður gildandi reglur. Hafi samkomulag milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnsvalda ekki náðst fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, skal sambandsþing þá taka afstöðu til framhalds málsins.

Samþykkt á 53. Sambandsþingi UMFÍ 2023 í Haukadal.

LOTTÓÚTHLUTUN TIL SVÆÐISSTÖÐVA ÍPRÓTTAHÉRAÐA OG SAMBANDSADILA UMFÍ

SVÆÐISSTÖÐVAR OG SAMBANDSADILAR		2024	2023	SVÆÐISSTÖÐVAR OG SAMBANDSADILAR		2024	2023
Höfuðborgarsvæðið				Norðurland eystra			
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	3.703		HSP	Héraðssamband Þingeyinga	3.703	
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjavíkur	14.604		ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	6.215	10.040
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	55.905		UÍF	Ungmenna- og íþróttas. Fjallabyggðar	8.970	
		74.249	89.114	UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	3.150	6.624
		148.460	89.114			5.452	8.703
Suðurnes				Austurland			
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	3.703		UÍA	Ungmenna- og íþróttas. Austurlands	27.491	25.368
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	9.595		USÚ	Ungmennasambandið Úlfliótur	3.703	
		4.257				10.766	14.793
		17.555				3.793	7.456
Vesturland				Suðurland		18.262	22.249
HSB	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappad.	3.703		HSK	Héraðssambandið Skarphéinn	3.703	
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	5.021	9.179	ÍBV	Íþróttabandalag Vestmannaeyja*	27.863	31.576
UDN	Ungmenna- og íþróttas. Dalam. og N Breiðf.	3.959		USVS	Ungmennasamband Vestur-Skaftfelllinga	1.907	
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	2.208	5.287			2.479	5.882
		5.748	8.199			35.952	37.458
		20.639	22.665	Bein aðild			
Vestfirðir				Keflavík	Keflavík, íþróttas- og ungmennafélag	9.037	14.496
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	3.703		UEA	Ungmennafélag Akureyrar	1.224	2.881
HSS	Héraðssamband Strandamanna	2.176	654	UMFG	Ungmennafélag Grindavíkur	930	4.040
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	1.844	5.317	UMFK	Ungmennafélag Kjalnesinga	191	1.129
HHF	Héraðssambandið Hrafná-Flóki	5.550	9.238	Fjölnir	Ungmennafélagið Fjölnir	8.680	24.833
		2.469	1.337	UNFN	Ungmennafélagið Njarðvík	4.742	10.070
		15.742	16.546	USK	Ungmennafélagið Skipaskagi	191	564
Norðurland vestra				V	Ungmennafélagið Vesturhlíð	191	594
USAH	Ungmennasamband Austur-Húnavetninga	3.703		UMFP	Ungmennafélagið Þróttur	523	2.792
USVH	Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga	3.309	6.624			25.709	61.400
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	2.384	5.763			324.965	297.047
		5.758	9.862				
		15.155	22.249				
				Samtals			

Fjárhæðir eru í þúsundum króna * Lottógreiðslur rumbu til UMFF skv. lottóreglugerð.



STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

Styrkir og framlög stjórnvalda skipta lykilmáli í rekstri og starfsemi UMFÍ. Þau gera sambandinu kleift að standa að stórum viðburðum, efla landsmótsstaði og tryggja áframhaldandi starfsemi hreyfingarinnar.



RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ

Ríkisframlag til UMFÍ hefur nánast staðið í stað á undanförunum árum. Á sama tímabili hafa flestir kostnaðarþættir í rekstri UMFÍ farið ört hækkandi samhliða hárri verðbólgu. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFÍ 129,6 m.kr. Árið 2025 nemur framlagið 137,5 m.kr. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 væri ríkisframlagið í dag tæpum 185 m.kr. Þegar þróunin frá 2008 er skoðuð kemur í ljós að framlagið árið 2008 var 123,4 m.kr. Ef það hefði haldið í við þróun verðlags væri ríkisframlagið í kringum 280 m.kr.




STUÐNINGUR VIÐ UPPBYGGINGU LANDSMÓTSSTAÐA

UMFÍ hlaut árið 2025 12 m.kr. styrk frá stjórnvöldum til uppbyggingar landsmótsstaða. Af styrkuppþæðinni runnu 3 m.kr. til Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF) og Fjallabyggðar vegna Landsmóts UMFÍ 50+ á Ólafsfirði og Siglufirði. Hlutur Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA) og Múlaþings vegna Unglingalandsmóts UMFÍ á Egilsstöðum nam 9 m. kr. Þetta var í þriðja sinn sem slíkur samningur er undirritaður. Áður var til sjóður hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, sem sveitarfélög og félagasamtök gátu sótt í vegna mótahalds og uppbyggingar þeim tengdum. Sjóðurinn var lagður niður fyrir nokkrum árum án þess að nokkur annar tæki við.



UMFÍ er ábyrgt í nýtingu fjármuna, mannaúðs, aðstöðu og búnaðar.

RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ Í SAMANBURÐI VIÐ ÞRÓUN VERÐLAGS



FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóður UMFÍ var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson, formann UMFÍ á árunum 1930–1938. Verkefnasjóður bættist við árið 1987 með það markmið að styðja við fjölbreytt verkefni innan hreyfingarinnar.

Á 47. Sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 var samþykkt að sameina sjóðina undir einu nafni sem beri heiti þeirra beggja. Markmið sjóðsins er að efla félags- og íþróttastarf ungmennafélags-hreyfingarinnar, meðal annars með því að auka menntun og þekkingu félagsmanna á íþróttagreinum, félagsmálum og þátttöku í fjölbreyttu starfi.

Tekjustofn sjóðsins er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Umsóknir má senda tvisvar á ári, fyrir 1. maí og 1. nóvember. Að jafnaði berast um eða yfir eitt hundrað umsóknir fyrir hvern frest, sem sjóðsstjórn fer yfir og metur með hliðsjón af markmiðum sjóðsins.

Í sjóðsstjórn sitja Sigurður Óskar Jónsson (formaður), Gissur Jónsson, Gunnar Þór Gestsson, Hallbera Eiríksdóttir og Rakel Másdóttir.

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til:

- Fræðslu- og forvarnarverkefna sem eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags og/eða héraðs.
- Þjálfara- og/eða dómaramámskeiða.
- Verkefna sem stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags og/eða héraðs.
- Átaksverkefna til aukinnar þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ.
- Verkefna sem eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni.

ÚTHLUTUN

Alls bárust 127 umsóknir haustið 2024 og voru 116 umsóknir styrktar. Vorið 2025 bárust 82 umsóknir og 73 umsóknir voru styrktar.

189
verkefni styrkt

	FYRRI ÚTHLUTUN 2025	2024
Höfuðborgarsvæðið	5.212.000	15.329.000
Suðurnes	1.513.000	290.000
Vesturland	1.975.000	6.714.000
Vestfirðir	250.000	1.486.000
Norðurland vestra	290.000	4.912.000
Norðurland eystra		2.797.000
Austurland	1.777.000	4.439.000
Suðurland	1.573.000	3.255.000
Samtals	12.591.000	39.222.000

UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979–1993. Stofnféð var framlag frá fjölskyldu Pálma og UMFÍ og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2008.

Pálmi Gíslason (1938–2001) var í forystusveit UMFÍ um áratugaskeið. Hann gegndi m.a. formennsku í íþróttanefnd Ungmennasambands Austur-Húnavetninga (USAH), sat í stjórn frjáls-íþróttadeildar Breiðabliks og Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) auk setu í fjölmörgum landsmótsnefndum. Hann lést af slysförum árið 2001.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félag í UMFÍ og að verkefnið snúi að umhverfismálum.

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til umhverfisverkefna sem:

- Tengjast ungu fólki.
- Stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.
- Fela í sér nýjungar í umhverfisverndun og nýtingu.

15
verkefni
styrkt

ÚTHLUTUN

	2025	2024
Höfuðborgarsvæðið	2.500.000	2.250.000
Suðurnes	250.000	400.000
Vesturland	450.000	1.180.000
Vestfirðir		700.000
Norðurland vestra		750.000
Norðurland eystra		
Austurland		350.000
Suðurland	200.000	600.000
Samtals	3.400.000	6.230.000

LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur styrkt ungt fólk til náms við lýðháskóla í Danmörku. Markmiðið er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýju tungumáli og menningu og auka færni sína og þekkingu á völdu sviði með óformlegu námi.

Lýðháskóli er heimavistarskóli fyrir ungt fólk þar sem það fær tækifæri til þess að einbeita sér að sínum áhugamálum og kynnast fólki með svipuð áhugamál. Í skólanum gefst nemendum tækifæri til að prófa mismunandi íþróttir, ferðast, kynnast nýju fólki og stíga út fyrir þægindarammann.

UMFÍ hlaut styrk frá Nordplus til þess að styrkja ungmenni til náms. Alls hlutu 45 ungmenni styrk skólaárið 2024 – 2025 upp á samtals 5.590.000 krónur. Fyrir vorönnina 2025 hlutu 37 ungmenni styrk upp á samtals 4.070.000 kr. Fyrir haustönn 2025 bárust 44 umsóknir.

OPNAR KYNNINGAR LÝÐHÁSKÓLA

Fulltrúar frá Íþróttalýðháskólunum Sønderborg í Danmörku og Nordjylland (Nordjyllands Idræthøjskole) halda í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík að meðaltali um tvo opna kynningarfundir á ári fyrir ungt fólk. Á fundunum er farið yfir möguleikana sem felast í námi við skólana og þær áherslur sem skólarnir halda í heiðri. Síðustu kynningar fóru fram í febrúar og þær næstu fara fram í október 2025.

82
ungmenni
styrkt

ÞRASTASKÓGUR

Þrastaskógur er í eigu UMFÍ og hefur lengi verið vinsæll vettvangur útivistar, fræðslu og samveru. Með verndun og rekstri svæðisins stuðlar UMFÍ að því að almenningur geti notið heilnæmrar útivistar í fallegu umhverfi.

Samningar við nýjan rekstraraðila að Þrastaskógi eru í farvegi. Í júlí 2024 óskaði forsvarsfólk einkahlutafélagsins V63 ehf eftir samtali við UMFÍ um möguleika þess að ná samkomulagi um nýtt deiliskipulag og áframhaldandi rekstur tjaldsvæðisins í Þrastaskógi. Stjórn UMFÍ taldi æskilegt að leggja mat á þær tillögur svo hægt verði að freista þess að bæta stöðu UMFÍ á svæðinu. Í desember 2024 samþykkti stjórn UMFÍ svo nýja samninga um lóðaleigu og rekstur tjaldsvæðis í Þrastaskógi. Í því ferli var afmörkuð sérstök lóð fyrir tjaldsvæðið í þeim tilgangi að afmarka umráðasvæði þeirrar starfsemi sem fram fer á lóðinni. Áður en nýir samningar voru undirritaðir barst tilboð frá nýjum rekstraraðila, Mosala ehf. um að taka yfir umrædda samninga með fyrirvara um fjármögnun.

Stjórn UMFÍ féllst á það tilboð og fékk nýtt félag 6 mánuði frá undirritun til að ganga frá fjármögnun. Þegar þetta er skrifað er sá frestur ekki liðinn.

Á síðustu þremur árum hefur UMFÍ í samvinnu við Skógræktarfélag Árnesinga unnið að grisjun gróðurs í Þrastaskógi. Unnið hefur verið eftir 5 ára áætlun þar sem tekin eru fyrir afmörkuð svæði í skóginum. Þörf er á auknu viðhaldi í rekstur og skógrækt á næstu árum. Viðhalda þarf og bæta göngustíga, grisja ný svæði og bæta almenna umhirðu skógarins svo að honum verði prýði. Núverandi stjórn UMFÍ hefur á síðustu misserum leitað leiða til þess að afla frekari tekna í gegnum rekstur skógarins þannig að rekstur hans verði sjálfbær. Sú vinna heldur áfram.





Þrastalundur um 1930.





MANNAUÐUR

STARFSFÓLK

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöðin er í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg 6 í Reykjavík og þar er haldið utan um starf og þjónustu UMFÍ.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ starfa:

- Aldís Baldursdóttir, verkefnastjóri
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri
- Elísabet Hrund Salvardsdóttir, fjármál og bókhald
- Jón A. Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaða
- Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri

UMFÍ útvisstar upplýsingatækni til Björgvins Jónssonar hjá Certus og grafískri hönnun til Jónasar Þorbergssonar.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum starfa:

- Elísabet Sif Gísladóttir, eldhús og þrif
- Gísli Kristján Kjartansson, eldhús
- Gréta Róbertsdóttir, frístundaleiðbeinandi
- Hulda Signý Jóhannesdóttir, frístundaleiðbeinandi
- Ingimar Oddsson, frístundaleiðbeinandi
- Luis Augusto Aquino, frístundaleiðbeinandi
- Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir, eldhús
- Rannveig A. Hjartardóttir, frístundaleiðbeinandi
- Róbert Júlíusson, húsvörður
- Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður

Elmar Davíð Hauksson hætti störfum 2025. UMFÍ þakkar honum fyrir vel unnin störf.

SVÆÐISFULLTRÚAR ÍÞRÓTTAHERAÐA

Svæðisfulltrúar íþróttahéraða eru:

- Álfheiður Sverrisdóttir, Vesturland
- Birna Hannesdóttir, Vestfirðir
- Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Suðurland
- Erla Gunnlaugsdóttir, Austurland
- Gunnhildur Gunnarsdóttir, Vesturland
- Halldór Lárusson, Norðurland vestra
- Hanna Carla Jóhannsdóttir, verkefnastjóra svæðisstöðva
- Hansína Þóra Gunnarsdóttir, Höfuðb.svæðið
- Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Austurland
- Kristján Sturluson, Norðurland eystra
- Petra Ruth Rúnarsdóttir, Suðurnes
- Páll Janus Þórðarson, Vestfirðir
- Rakel Magnúsdóttir, Suðurland
- Sigríður Inga Viggósdóttir, Norðurland vestra
- Sigurður Friðrik Gunnarsson, Suðurnes
- Sveinn Sampsted, Höfuðborgarsvæðið (í leyfi)
- Þóra Pétursdóttir, Norðurland eystra

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Á SAUÐÁRKRÓKI

UMFÍ starfrækir þjónustumiðstöð við Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Starfsmaður þar er Ómar Bragi Stefánsson, verkefnastjóri og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

Með samstilltu teymi starfsfólks og sjálfbæðaliða nær UMFÍ árangri í þágu félaganna og samfélagsins í heild.



STJÓRN OG NEFNDIR 2023-2025

STJÓRN

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar
- Gunnar Þór Gestsson, varaformaður
- Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri
- Sigurður Óskar Jónsson, ritari
- Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi
- Málfríður Sigurhansdóttir, meðstjórnandi
- Guðmunda Ólafsdóttir, varastjórn
- Rakel Másdóttir, varastjórn
- Ásgeir Sveinsson, varastjórn
- Hallbera Eiríksdóttir, varastjórn

FRAMKVÆMDASTJÓRN

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Jóhann Steinar Ingimundarson
- Guðmundur Sigurbergsson
- Gunnar Gunnarsson, varamaður

NEFNDIR

FJÁRHAGS- OG FASTEIGNANEFND

- Guðmundur Sigurbergsson, formaður
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Guðríður Aadnegard
- Einar Haraldsson
- Dagný Finnbjörnsdóttir
- Lárus Brynjar Lárusson
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

LAGANEFND

- Rakel Másdóttir, formaður
- Kristján B. Thorlacius
- Þórir Haraldsson
- Ragnheiður Högnadóttir
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmaður nefndar

MÓTA OG VIÐBURÐANEFND

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Málfríður Sigurhansdóttir
- Rakel Másdóttir
- Ásgeir Sveinsson
- Guðmundur Jónsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar



UNGLINGALANDSMÓTSNEFND 2025

- Jónína Brynjólfssdóttir, formaður
- Gunnar Gunnarsson, ritari
- Þórunn María Þorgrímsdóttir, gjaldkeri
- Freyr Ævarsson, keppnisstjórn
- Jóhann Harðarson, keppnisstjórn
- Þuríður Ragnheiður Sigurjónsdóttir, keppnisstjórn
- Ágúst Bragi Daðason, afþreyingarstjórn
- Benedikt Jónsson, afþreyingarstjórn
- Reynir Hólm Gunnarsson, afþreyingarstjórn
- Valgeir E. Hafþórsson, afþreyingarstjórn
- Benedikt Jónsson, tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Kristófer Einarsson, tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Gunnar Gunnarsson, veitingastjórn
- Hugrún Hjálmarssdóttir, svæðisstjórn
- Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, svæðisstjórn
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+ 2025

- Óskar Þórðarson, formaður
- Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir, ritari
- Guðný Helgadóttir, aðstoðar ritari
- Eva Björk Ómarsdóttir, gjaldkeri
- Kristján Hauksson, keppnisstjórn
- Þórarinn Hannesson, keppnisstjórn
- Dagný Finnsdóttir, keppnisstjórn
- Sandra Finnsdóttir, afþreyingarstjórn
- Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir, afþreyingarstjórn
- Júlíus Þorvaldsson, öryggisstjórn
- Sara Sigurbjörnsdóttir, öryggisstjórn
- Anna Þórisdóttir, veitingastjórn
- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, svæðisstjórn
- Óðinn Freyr Rögnvaldsson, svæðisstjórn
- Gunnar Þór Gestsson, fulltrúi UMFÍ
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

FRÆÐSLUNEFND

- Málfríður Sigurhansdóttir, formaður
- Ásgeir Sveinsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Helga Guðrún Guðjónsdóttir
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar

PRASTASKÓGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Einar Kristján Jónsson
- Helgi S. Haraldsson
- Valgerður Hreinsdóttir
- Einar Þorvaldur Eyjólfsen, starfsmaður nefndar

UNGMENNARÁÐ

- Halla Margrét Jónsdóttir, formaður
- Sara Jóhanna Geirsdóttir, varaformaður
- Daði Þór Jóhannsson
- Dagur Jónsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Embla Líf Halldóttir,
- Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson
- Gerður María Sveinsdóttir
- Guðný Óladóttir
- Ísleifur Auðar Jónsson
- Karen Hulda Finnsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Rakel Másdóttir, tengiliður við stjórn UMFÍ
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar

SKÓLABÚÐANEFND

- Málfríður Sigurhansdóttir, formaður
- Hallbera Eiríksdóttir
- Helga Guðrún Guðjónsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage
- Sigurður Guðmundsson, starfsmaður nefndar

UPPLÝSINGATÆKNINEFND

- Gunnar Þór Gestsson, formaður
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Hallbera Eiríksdóttir
- Halla Margrét Jónsdóttir
- Sigurður Eiríksson
- Elísabet Hrunn Salvarsdóttir, starfsmaður nefndar

ÚTGÁFU OG KYNNINGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Sigurður Óskar Jónsson
- Embla Líf Hallsdóttir
- Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
- Victor Ingi Olsen
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður nefndar

ÚTHLUTUNARNEFND FRÆÐSLU- OG UMHVERFISSJÓÐS

- Sigurður Óskar Jónsson, formaður
- Gissur Jónsson
- Gunnar Þór Gestsson
- Hallbera Eiríksdóttir
- Rakel Másdóttir
- Til vara: Jóhann Steinar Ingimundarson
- Einar Þorvaldur Eyjólfsen, starfsmaður nefndar

VIÐURKENNINGAR

Viðurkenningar UMFÍ eru veittar einstaklingum sem hafa unnið ómetanlegt starf í þágu ungmennafélagsshreyfingarinnar. Með heiðursfélagakrossi, gullmerki og starfsmerki UMFÍ eru störf þeirra sem hafa sýnt forystu, elju og tryggð við hreyfinguna heiðruð á hátíðlegan hátt.

HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Þeir hljóta við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins.

Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Merkum brautryðjendum í íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingunni er jafnframt sýnd þessi sæmd.

Heiðursfélagar UMFÍ

2023	Haukur Valtýsson
2023	Guðmundur Kr. Jónsson
2021	Anna Ragnheiður Möller
2021	Kristján Elvar Yngvason
2019	Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2011	Björn B. Jónsson
2005	Þórir Jónsson
1997	Pálmi S. Gíslason
1993	Sigurður Geirdal
1987	Guðjón Ingimundarson
1987	Hafsteinn Þorvaldsson
1982	Þorsteinn Einarsson
1971	Skúli Þorsteinsson
1969	Eiríkur J. Eiríksson
1969	Sigurður Greipsson
1957	Anders Skásheim
1957	Bernharð Stefánsson
1957	Guðbrandur Magnússon
1957	Helgi Valtýsson
1957	Jóhannes Jósefsson
1957	Jón Helgason
1946	Björn Jakobsson
1943	Björn Guðmundsson
1940	Vigfús Guðmundsson
1933	Guðmundur Jónsson frá Mosdal
1927	Helgi Valtýsson
1927	Jóhannes Jósefsson
1927	Þórhallur Björnsson

GULLMERKI UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Gullmerki er veitt þeim sem hefur um árabíl unnið öflugt starf fyrir ungmennafélagsshreyfinguna, verið í forystu hennar í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ötullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Gullmerki er að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

Gullmerkishafar 2024 - 2025

2025	Lárus Blöndal	ÍSÍ
2025	Ragnheiður Högnadóttir	USVS
2025	Jón Karl Ólafsson	ÍBR
2025	Lilja Sigurðardóttir	ÍBR
2025	Ingvar Sverrisson	ÍBR
2025	Gunnar Kristjánsson	HSH
2025	Steinn Björgvin Jónasson	ÚÍA
2024	Ólafur Sigfús Benediktsson	USAH
2024	Hilmar Þór Hilmarsson	USAH
2024	Björn Vignir Björnsson	USAH
2024	Vignir Örn Pálsson	HSS
2024	Jóhann Björn Arngrímsson	HSS
2024	Heiðar Ingi Jóhannsson	HHF
2024	Kristján Gíslason	UMSB
2024	Ingvi Árnason	UMSB
2024	Karl Lúðvíksson	UMSS
2024	Ólafur Eyjólfsson	UMFN
2024	Hreinn Halldórsson	UIA
2024	Hrönn Ríkharðsdóttir	ÍA
2024	Kristinn Geir Aðalsteinsson	ÍBA
2024	María Alma Valdimarsdóttir	HSH


STARFSMERKI UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ er veitt fyrir frábært forystustarf í félagi, deild félags eða á vettvangi sambands, fyrir eftirtektarverð átaksverkefni eða nýjungar í starfi, góða virkni eða árangur í skipulags- og félagsstörfum, svo sem með setu í stjórnnum eða nefndum og fyrir mikið framlag til ungmenna- og íþróttastarfs.

Starfsmerkishafar 2025

2025	Ragnar Kristinn Bragason	HSS
2025	Svava Rán Valgeirs og Þórudóttir	HSV
2025	Borgar Páll Bragason	UMSB
2025	Sif Hauksdóttir	USVS
2025	Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson	USVS
2025	Guðmundur Lúðvík Gunnarsson	ÍBR
2025	Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir	ÍBR
2025	Sigríður Guðbjörg Arnardóttir	HSH
2025	Kristján Ríkharðsson	HSH
2025	Þorgrímur Einar Guðbjartsson	UDN
2025	Helgi Kjartansson	HSK
2025	Geirþrúður Sighvatsdóttir	HSK
2025	Guðný Rósa Magnúsdóttir	HSK
2025	Sveinn Sæland	HSK
2025	Unnur Óskarsdóttir	ÚÍA
2025	Niels Einarsson	UMSK
2025	Pétur Hrafn Sigurðsson	UMSK
2025	Ásgeir Baldursson	UMSK
2025	Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir	UMSK
2025	Jón Jóhannsson	USAH

Listi yfir alla gullmerkishafa og starfsmerkishafa er að finna á vef UMFÍ.



VERÐLAUN

HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt bæði á Sambandsþingi og Sambandsráðsfundi UMFÍ. Verðlaunin eru veitt fyrir eftirtektarverð og fram-sækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigin-gjarnt starf í þágu samfélagsins.

Á 45. Sambandsráðsfundi UMFÍ, sem haldið var á Varmalandi í Borgarfirðir hlutu eftirfarandi sambandsaðilar hvatningarverðlaun:

Íþróttabandalagi Suðurnesja (ÍS) veitt verð-laun fyrir óeigingjarnt starf Ungmennafélags Grindavíkur í þágu samfélagsins í tengslum við eldsumbrot og starfsemi félagsins. **Héraðssambandi Vestfirðinga (HSV)** veitt verðlaun fyrir verkefni félagsmanna um karla-hreysti, eftirtektarvert og óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins. **Héraðssambandi Strandamanna (HSS)** veitt verðlaun fyrir eftirtektarvert og óeigin-gjarnt starf Skíðafélags Strandamanna og upp-byggingu aðstöðu þess.

FYRIRMYNDARBIKARINN

Hefð er fyrir því við slit Unglingalandsmóts UMFÍ að formaður UMFÍ afhendi Fyrirmyndarbikar UMFÍ þeim sambandsaðila sem hefur sýnt fyrir-myndarframkomu jafnt innan vallar sem utan á meðan mótinu stendur.

Við tilnefningu handhafa Fyrirmyndarbikars UMFÍ er meðal annars horft til þess hvernig full-trúar sambandsaðila eru við inngöngu á setningar-hátíð Unglingalandsmóts hverju sinni, framkomu stuðningsfólks og félagsmanna og annars í þeim dúr, sem skilar því að aðrir líti upp til ungmenna-félaganna. Bikarinn var ekki afhentur árin 2020 og 2021 þar sem mótið féll niður þau ár.

Héraðssamband Þingeyinga (HSP) hlaut Fyrirmyndarbikar UMFÍ árið 2025.

SIGURÐARBIKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.

Sigurðarbikar er afhentur framkvæmdaaðila mótsins hverju sinni í hátíðarmóttöku að lokinni setningu Unglingalandsmóts UMFÍ ár hvert. Mótshaldari varðveitir bikarinn í eitt ár eða fram að næsta móti.

Sigurðarbikarinn er virðingarröttur af hálfu stjórnar UMFÍ fyrir fjölþætta og frábæra fram-kvæmd sem skilur eftir sig stórbætta uppbyggingu í mannvirkjagerð til íþrótt- og félagsmálstarfs í héraði og félagslegt átak af margvíslegum toga.

Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) fékk bikarinn afhentan árið 2025.

MATMAÐUR UMFÍ

Sú hefð varð til á þingi UMFÍ árið 1979 að velja matmann UMFÍ.

Í lok síðustu máltíðar á þingi UMFÍ er matmaður UMFÍ útnefndur. Þetta getur verið þingfulltrúi eða stjórnarmaður UMFÍ. Dómnefnd sér um valið hverju sinni. Hún horfir meðal annars til framgöngu viðkomandi í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, borðsiða og stíls ásamt mörgu fleiru. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins hverju sinni og fyrrverandi matmanni. Matmaður UMFÍ fær afhentan ask úr tré og er hann farandgripur til varðveislu í tvö ár eða til næsta þings.







ÁRSREIKNINGUR 2024

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settum reikningsskilareglum.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Ísland í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 9. maí 2025
ODT ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir,
löggiltur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Rekstur UMFÍ var með hefðbundnu sniði árið 2024. Rekstrarafkoma ársins er jákvæð uppá 52,4 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 769,4 milljón króna og bókfært eigið fé í árslok er 644,3 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall félagsins var 84% í lok árs 2024. Til samanburðar var það 83% í lok árs 2023.


Starfsemi Skólabúðanna á Reykjum gekk vel og var mikil eftirspurn hjá skólum landsins að komast að í búðunum og voru allar vikur fullbókaðar. Afkoma Skólabúðanna á Reykjum var hins vegar neikvæð sem nemur 10,8 milljónum króna sem kemur til vegna gjaldfærðra framkvæmda á húsnaði búðanna.

Um mitt ár 2024 hófust viðræður við félagið V63 ehf um nýjan lóðaleigusamning að Þrastaskógi. Þær viðræður leiddu til þess að skrifað var undir nýjan lóðaleigusamning við nýjan rekstraraðila í lok mars 2025. Með nýjum lóðaleigusamningi koma leigutekjur UMFÍ til með að aukast verulega frá því sem áður var, auk þess sem samningur UMFÍ við leigutaka innifelur tryggingar og er skýrari en áður.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Í stjórn




Jóhann Steinar Ingimundarson


formaður




Ragnheiður Högnadóttir




Guðmundur G. Sigurbergsson




Málfríður Sigurhansdóttir



Gunnar Gunnarsson




Gunnar Þór Gestsson




Sigurður Óskar Jónsson




Rakel Másdóttir



Ásgeir Sveinsson




Hallbera Eiríksdóttir



Guðmunda Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri



Auður Inga Þorsteinsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2024

	Skýr.	2024	2023
REKSTRARTEKJUR			
Ríkisframlag	3	136.190.000	133.522.000
Lottó	4,12	411.347.409	376.009.479
Þátttökugjöld	5	133.684.874	135.336.996
Aðrar tekjur	6	184.635.336	187.760.236
		865.857.619	832.628.711
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	7	188.547.129	199.883.498
Lottó til sambandsaðila		324.964.454	297.047.489
Annar rekstrarkostnaður	8	270.597.557	296.045.444
Veittir styrkir	9	41.371.922	35.702.212
Fyrning ársins	11	2.388.000	1.643.000
		827.869.062	830.321.643
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða		37.988.557	2.307.068
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Fjármagnstekjur	10	36.122.415	28.043.098
Fjármagnsgjöld	10	(531.981)	(556.506)
		35.590.434	27.486.592
Rekstrarniðurstaða ársins		73.578.991	29.793.660
ÖNNUR HEILDARAFKOMA			
Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning:			
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	12	(21.228.609)	2.753.754
Heildarafkoma ársins		52.350.382	32.547.414

YFIRLIT UM REKSTUR 2024

	Aðalsjóður	Ungmenn- og skólábúðir	Mótahald (UMFI og mótshaldari)	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis- sjóður	Millideilda- viðskipti	Samtals
REKSTRARTEKJUR							
Ríkisframlag	129.379.250		6.810.750				136.190.000
Lottó	382.553.090			28.794.319			411.347.409
Þátttökugjöld		123.154.700	10.530.174				133.684.874
Aðrar tekjur	76.634.070	80.826.000	36.863.256	9.912.010	1.200.000	(20.800.000)	184.635.336
	588.566.410	203.980.700	54.204.180	38.706.329	1.200.000	(20.800.000)	865.857.619
REKSTRARGJÖLD							
Laun og launatengd gjöld ...	92.764.700	89.041.789	6.740.640				188.547.129
Lottó til sambandsaðila	324.964.454						324.964.454
Annar rekstrararkostnaður ...	102.823.690	125.701.845	54.772.022			(12.700.000)	270.597.557
Veittir styrkir	6.850.000			39.221.922	3.400.000	(8.100.000)	41.371.922
Afskriftir	2.388.000						2.388.000
	529.790.844	214.743.634	61.512.662	39.221.922	3.400.000	(20.800.000)	827.869.062
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða							
	58.775.566	(10.762.934)	(7.308.482)	(515.593)	(2.200.000)		37.988.557
Fjármagnstekjur							
Fjármagnstekjur	27.757.592			8.164.231	200.592		36.122.415
Fjármagnsgjöld	(529.986)	(1.995)					(531.981)
	27.227.606	(1.995)		8.164.231	200.592		35.590.434
Rekstrarniðurstaða ársins							
	86.003.172	(10.764.929)	(7.308.482)	7.648.638	(1.999.408)		73.578.991

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Bifreiðar		5.478.000	7.866.000
		5.478.000	7.866.000
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutur í Íslenskri getspá	12	226.930.263	248.158.872
		226.930.263	248.158.872
VELTUFJÁRMUNIR			
Óinnheimtar kröfur	13	32.116.802	14.017.198
Ógreiddar lottótekjur		26.825.715	37.517.653
Aðrar skammtímakröfur	14	6.000.000	7.109.381
Bundið fé sjóða	14	384.243.107	354.062.086
Handbært fé	14	87.804.087	44.041.421
		536.989.711	456.747.739
Eignir		769.397.974	712.772.611

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
EIGIÐ FÉ				
Óráðstafað eigið fé	15		644.334.102	591.983.720
			644.334.102	591.983.720
SKAMMTÍMASKULDIR				
Óskipt lottófé			21.192.315	29.638.899
Viðskiptaskuldir	16		16.498.787	16.752.509
Skuldbinding vegna sérverkefna			0	5.000.000
Aðrar skammtímaskuldir	16		87.372.770	69.397.483
			125.063.872	120.788.891
		Skuldir	125.063.872	120.788.891
		Eigið fé og skuldir	769.397.974	712.772.611

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
REKSTRARHREYFINGAR			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarniðurstaða ársins		73.578.991	29.793.660
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11	2.388.000	1.643.000
Breyting á skuldbindingu vegna rekstrarverkefna		0	(15.000.000)
Breyting á skuldbindingu vegna sérverkefna		(5.000.000)	5.000.000
Söluhagnaður fastafjármuna		0	537.500
		70.966.991	21.974.160
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(6.298.285)	(3.518.889)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		9.274.981	10.994.492
Handbært fé frá rekstri		73.943.687	29.449.763
Breyting handbærs fjár		73.943.687	26.749.763
Handbært fé í upphafi árs	14	398.103.507	371.353.744
Handbært fé í lok árs	14	472.047.194	398.103.507

SKÝRINGAR

1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er “Ræktun lýðs og lands” og kjörorðið er “Íslandi allt”. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 25 talsins sem skiptast í 24 íþróttahérað og 1 félag með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 290 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur enn fremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2024 er gerður með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samamburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. RÍKISFRAMLAG

	2024	2023
Ríkisframlag - UMFÍ	129.379.250	115.162.850
Ríkisframlag - ULM	6.810.750	6.676.100
Ríkisframlag - Ungmennabúðir	0	11.683.050
	136.190.000	133.522.000

4. LOTTÓ

	2024	2023
Lottótekjur - UMFÍ	320.568.590	311.778.115
Lottótekjur - UMFÍ viðbótarframlag	61.984.500	37.910.700
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður	24.128.819	23.521.364
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasj viðbótarframlag	4.665.500	2.799.300
	411.347.409	376.009.479

5. ÞÁTTTÖKUGJÖLD

	2024	2023
Þátttökugjöld ungmenna- og skólabúða	123.154.700	124.776.100
Þátttökugjöld móta	10.530.174	10.560.896
	133.684.874	135.336.996

6. AÐRAR TEKJUR

	2024	2023
Framlög til verkefna og viðburða	62.468.917	60.716.025
Jöfnunarsjóður vegna Skólabúða á Reykjum	80.826.000	76.276.986
Sölutekjur útgáfu	19.238.856	15.620.000
Leigutekjur	2.531.464	2.616.249
Íslenskar Getraunir	8.000.000	8.000.000
Ýmsar tekjur	11.570.099	24.530.976
	184.635.336	187.760.236

7. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

	2024	2023
Laun	154.866.666	164.831.539
Áunnið orlof, breyting	(1.635.841)	(115.672)
Tryggingagjald	11.692.676	11.717.927
Lífeyrissjóðsframlag	20.627.454	20.479.896
Sjóðagjöld - mótframlag	2.996.174	2.969.808
	188.547.129	199.883.498
Stöðugildi að meðaltali	16,5	18,5

8. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

	2024	2023
Húsnæðiskostnaður	88.439.111	99.387.473
Rekstur áhalda og tækja	12.328.958	15.571.558
Fæðiskostnaður ungmennabúða	26.375.623	26.718.975
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	15.836.453	17.646.506
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12.912.645	14.145.484
Þing- og samráðsfundir	4.713.016	14.541.649
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta	1.592.879	5.336.770
Önnur aðkeypt þjónusta	7.225.833	7.491.030
Rekstur tölvukerfa	16.128.120	10.610.356
Fræðsluverkefni	13.525.882	6.702.629
Útgáfa og kynningarkostnaður	22.004.665	22.016.386
Mótahald	49.514.372	54.299.128
Tap af sölu fastafjármuna (bifreiða)	0	537.500
Niðurfærsla krafna - breyting m ára	0	1.040.000
	270.597.557	296.045.444

9. VEITTIR STYRKIR

	2024	2023
Veittir styrkir - Fræðslu- og verkefnasjóður	39.221.922	32.171.712
Veittir styrkir - Umhverfissjóður	4.600.000	1.850.500
Veittir styrkir - Lýðháskólar	5.350.000	3.080.000
Veittir styrkir - Aðalsjóður	300.000	2.500.000
Millideilda færslur	(8.100.000)	(3.900.000)
	41.371.922	35.702.212

10. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

	2024	2023
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur	36.122.415	28.043.098
	36.122.415	28.043.098
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Greiddir vextir og verðbætur	531.981	556.506
	531.981	556.506

11. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

	Bifreiðar og kerra	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	11.940.000	11.940.000
Staða í árslok	11.940.000	11.940.000
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	4.074.000	4.074.000
Afskrift ársins	2.388.000	2.388.000
Staða í árslok	6.462.000	6.462.000
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	7.866.000	7.866.000
Bókfært verð í árslok	5.478.000	5.478.000
Afskriftarhlutföll	20%	

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 47,7 m.kr.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi	4.033.000	3.189.000
Aðrar lausafjártryggingar		51.230.000
	4.033.000	54.419.000

12. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

	Hlutdeild	Stofnfé
Íslensk getspá sf.	13,33%	440.864
	31.12.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun	248.158.872	245.405.118
Hlutdeild í afkomu	390.118.802	378.763.230
Lottótekjur	(344.697.410)	(336.019.476)
Viðbótarúthlutun Íslenskrar getspár sf.	(66.650.000)	(39.990.000)
Staða í árslok	<u>226.930.264</u>	<u>248.158.872</u>
Hækkun (lækkun) á milli ára	(21.228.608)	2.753.754

13. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur félagsins um áramótin eru útistandandi gjöld fyrir Ungmenna- og skólabúðir, lóðarleigu í Þrastalundi og veiðileyfi í Soginu auk tekna af útgáfu Skinfaxa.

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	33.156.802	15.057.198
Niðurfærsla krafna	(1.040.000)	(1.040.000)
	<u>32.116.802</u>	<u>14.017.198</u>
Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs	1.040.000	0
Breyting á niðurfærslureikningi á árinu	0	1.040.000
	<u>1.040.000</u>	<u>1.040.000</u>

14. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

	31.12.2024	31.12.2023
Aðrar skammtímakröfur		
Endurgreiddur fjármagnstekjuskattur	0	1.050.459
Húnaþing vestra húsaleigutrygging	6.000.000	6.000.000
Aðrar kröfur - inneign á virðisaukaskatti	0	58.922
	<u>6.000.000</u>	<u>7.109.381</u>
Handbært fé og bundið fé sjóða		
Bankainnistæður Aðalsjóður	87.804.087	57.481.065
Bankainnistæður Þrautavarasjóður	83.253.812	76.329.688
Bankainnistæður Fjárfestingasjóður	168.699.077	154.694.833
Bankainnistæður Fræðslu- og verkefnasjóður	111.564.683	90.881.076
Bankainnistæður Umhverfissjóður	20.725.535	18.716.845
	<u>472.047.194</u>	<u>398.103.507</u>

15. YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ

	Eignarhluti í Ísl. getspá	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í upphafi árs 2023	245.405.118	314.031.187	559.436.306
Rekstrarniðurstaða ársins		29.793.660	29.793.660
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	2.753.754		2.753.754
Eigið fé í lok árs 2023	248.158.872	343.824.847	591.983.720
Rekstrarniðurstaða ársins		73.578.991	73.578.991
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	(21.228.609)		(21.228.609)
Eigið fé í lok árs 2024	226.930.263	417.403.838	644.334.102

16. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	16.498.787	16.752.509
	16.498.787	16.752.509
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	20.949.921	23.144.061
Ógreiddir styrkir	38.753.187	29.965.075
Fyrirfram innheimtar tekjur	27.669.662	16.288.347
	87.372.770	69.397.483
Fyrirfram innheimtar tekjur - frekari greining:		
Lýðháskólastyrkir	7.227.136	5.279.947
Ríkissjóður	11.463.000	0
Aðrir ónotaðir styrkir	8.825.014	11.008.400
	27.515.150	16.288.347

17. UPPLÝSINGAR UM LEIGUSAMNINGA

Félagið leigir Reyki í Hrútafirði. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 22. 8. 2022 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist tvisvar sinnum á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þjónustumiðstöð UMFÍ er í leiguhúsnæði að Engjavegi 6, 104 Reykjavík sem leigt er af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Samningurinn gildir í 10 ár frá 1. 9. 2022 og er verðtryggður með byggingarvísitölu til breytinga á 6 mánaða fresti.

	31.12.2024	31.12.2023
Áhrif ofangreindra leigugreiðslna í rekstrarreikningi er:		
Annar rekstrarkostnaður	43.611.732	40.949.964

	Leigugreiðslur
Áætlaðar ónúvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Leigugreiðslur 2025	44.319.516
Leigugreiðslur 2026	44.319.516
Leigugreiðslur 2027	44.319.516
Leigugreiðslur 2028	44.319.516
Leigugreiðslur síðar	118.185.376
	<u>295.463.440</u>

18. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf árið 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

UMFÍ og ÍSÍ hafa komið á fót átta svæðisstöðvum með stuðningi frá mennta- og barnamála-ráðuneytinu. Þetta samstarfsverkefni er ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum auk þess að auka þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á þátttöku fatlaðra barna, barna af tekjulægri heimilum og barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. ÍSÍ heldur utan um uppgjör vegna svæðisstöðva.

19. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	2024	2023
Tekjur		
Lottótekjur	24.128.819	26.320.664
Ósóttir bakfærðir styrkir	9.912.010	8.295.200
	<u>34.040.829</u>	<u>34.615.864</u>
Gjöld		
Veittir styrkir	39.221.922	32.171.712
	<u>39.221.922</u>	<u>32.171.712</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	<u>(5.181.093)</u>	<u>2.444.152</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)		
Vaxtatekjur	8.164.231	5.539.688
	<u>8.164.231</u>	<u>5.539.688</u>
Rekstrarniðurstaða	<u>2.983.138</u>	<u>7.983.840</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	1.877.800	4.724.657
Handbært fé	111.564.683	90.881.076
	<u>113.442.483</u>	<u>95.605.733</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	67.291.158	59.307.318
Afkoma ársins	2.983.138	7.983.840
	<u>70.274.296</u>	<u>67.291.158</u>
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	38.502.687	28.314.575
	<u>38.502.687</u>	<u>28.314.575</u>
	<u>108.776.983</u>	<u>95.605.733</u>

20. UMHVERFISSJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	2024	2023
Tekjur		
Önnur framlög	1.200.000	1.200.000
Ósóttir bakfærðir styrkir	0	500.000
	<u>1.200.000</u>	<u>1.700.000</u>
Gjöld		
Veittir styrkir	3.400.000	1.850.500
	<u>3.400.000</u>	<u>1.850.500</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	<u>(2.200.000)</u>	<u>(150.500)</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)		
Vaxtatekjur	200.592	1.271.934
	<u>200.592</u>	<u>1.271.934</u>
Rekstrarniðurstaða	<u><u>(1.999.408)</u></u>	<u><u>1.121.434</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	0	48.362
Handbært fé	19.365.799	18.716.845
	<u>19.365.799</u>	<u>18.765.207</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	17.114.707	15.993.276
Afkoma ársins	(1.999.408)	1.121.431
	<u>15.115.299</u>	<u>17.114.707</u>
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	4.250.500	1.650.500
	<u>4.250.500</u>	<u>1.650.500</u>
	<u><u>19.365.799</u></u>	<u><u>18.765.207</u></u>

ÁRSYFIRLIT SVÆÐISSTÖÐVA ÍPRÓTTAHERAÐA 2024

REKSTRARREIKNINGUR

REKSTRARTEKJUR

Framlag ríkissjóðs	
Lottótekjur frá ÍSÍ	
Lottótekjur frá UMFÍ	
Fjármunatekjur	

2024

2023

35.323.485

50.152.000

29.625.622

36.074.329

151.175.436

REKSTRARGJÖLD

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	
Húsaleiga	
Ferða- og fundakostnaður	
Annar kostnaður	

101.189.115

3.570.639

4.596.309

5.745.044

36.074.329

Afkoma ársins

36.074.329

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptareikningur ÍSÍ	10.538.945	0
Handbært fé	390.211.899	400.000.000
	<u>400.750.844</u>	<u>400.000.000</u>
Eignir	<u>400.750.844</u>	<u>400.000.000</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

EIGIÐ FÉ

	31.12.2024	31.12.2023
Óráðstafað eigið fé 1.1.		
Afkoma ársins	36.074.329	
	<u>36.074.329</u>	

SKULDIR

Langtímaskuldir		
Fyrirfram innheimtar tekjur	100.000.000	200.000.000
	<u>100.000.000</u>	<u>200.000.000</u>
Skammtímaskuldir		
Fyrirfram innheimtar tekjur	264.676.515	200.000.000
	<u>264.676.515</u>	<u>200.000.000</u>
Eigið fé og skuldir	<u>400.750.844</u>	<u>400.000.000</u>





LÖG UMFÉI

LÖG UMFÍ

I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ

3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttaha og ættjörð.

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í mál-efnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dag-skrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga.
- 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga.

Þingfulltrúar félaga með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn.
- Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ.

Aukaþing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Aukasambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til vara-stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðs-frestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélags-hreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþróttar sé eins góð og kostur er.
- Almenningsi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélags-hreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukabingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukabinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukabingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukabingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

16. grein

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

*Samþykkt á 52. Sambandsþingi
UMFÍ 2021 á Húsavík.*

Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2025

Ungmennafélag Íslands
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Ritstjórar: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Ragnheiður Sigurðardóttir

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson

Ljósmyndir: Aldís Baldursdóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnhildur
Lind Hansdóttir, Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Jón Aðalsteinn
Bergsveinsson, Magnús Orri Arnarson, Ragnheiður Sigurðardóttir,
Tómas Freyr Kristjánsson, Unnar Erlingsson o.fl.

Prentun: Pixel, umhverfisvæn prentsmiðja

Október 2025

umfi.is

ÁRSSKÝRSLA 2025

54. SAMBANDSPING UMFÍ
ÁRSREIKNINGUR 2024



UMFÍ